

**SKOÐUN** Árni Svanur og Kristín Þórunn kalla eftir liðsinni Jóns Gnarr í baráttunni gegn fátækt. 14



**MENNING** Einstaklega vel heppnaðar línur hjá Guðmundi Jörundssyni, segir í dómi um RFF. 30



**SPORT** Alfreð Finnbogason varð fyrstur í 30 ár til að skora 20 mörk á einu tímabili í Evrópufótboltanum. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
19. mars 2013
66. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Vill klára aðildarviðræður

Ungt fólk sem fær að kjósa til þings í fyrsta skipti í vor telur mikilvægara en kjósendur almennt að klára viðræðurnar við Evrópusambandið. 4

**Óttast fordæmi frá Kýpur** Kýpurþing frestaði aftur afgreiðslu frumvarps um skatt á bankainnistæður. 6

**Parinu kennt um** Talsmaður lögreglunnar í Madya Pradesh á Indlandi segir að svissnesk kona, sem var nauðgað af sex mönnum, hafi að hluta til átt sök í málinu. 10

**Karpað um flugvöll** Umræður um framtíðarstaðsetningu flugvallar í Reykjavík hafa blossað upp enn á ný. 12



14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | | NA | 11 |
| Akureyri | -4° | | NA | 7 |
| Egilsstaðir | -2° | | N | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | | NA | 7 |
| Reykjavík | -1° | | NA | 9 |

**HVESSIR** Í dag verða víða norðaustan 8-15 m/s, hvassast NV-til. Snjókoma N- og A-lands en bjartviðri SV-til. Frost 0-10 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Fólk




# Níu ákærðir fyrir stærsta mál sinnar tegundar í heiminum

Sérstakur saksóknari hefur ákært fjóra af fyrrverandi æðstu stjórnendum Kaupþings og fimm aðra fyrir allsherjarmarkaðsmisnotkun. Þetta er stærsta mál sinnar tegundar sem ákært hefur verið fyrir í heiminum.

**DÓMSMÁL** Níu manns hafa verið ákærðir af sérstökum saksóknara vegna aðildar að allsherjarmarkaðsmisnotkun Kaupþings banka með hlutabréf í sjálfum sér.

Á meðal hinna ákærðu eru Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Sigurður Einarsson, fyrrverandi starfandi stjórnarformaður bankans, Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg og Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi. Hinir fimm eru allir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings.

Um er að ræða stærsta mál sinnar tegundar sem ákært hefur verið fyrir í heiminum og langumfangsmesta mál sem embætti sérstaks saksóknara hefur sent frá sér. Ákæra var gefin út fyrir helgi og birt hinum ákærðu í gær.



SIGURÐUR EINARSSON



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON



MAGNÚS GUÐMUNDSSON



INGÓLFUR HELGASON

### Landsbankafólk einnig ákært

Sérstakur saksóknari gaf einnig út ákæru fyrir helgi á hendur nokkrum fyrrverandi stjórnendum gamla Landsbankans í sambærilegu máli er tengist markaðsmisnotkun með bréf í bankanum. Þar er um þrjú mál að ræða sem hafa verið sameinuð í eitt. Ákærurnar höfðu ekki verið birtar neinum sakborninga í gær. Ákæran er sú fyrsta í hrunmáli tengdu Landsbankanum.

Um er að ræða fimm markaðsmisnotkunarmál tengd Kaupþingi sem hafa verið til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara í langan tíma. Þau hafa nú verið sameinuð í eina ákæru.

Á meðal þeirra eru kaup Kaupþings á 29 prósentum af öllu útgefnu hlutafé í sjálfu sér á árunum 2005 til 2008. Sérstakur saksóknari telur rökstuddan grun um að þessi viðskipti hafi verið stunduð, með vitund og vilja yfirstjórnenda Kaupþings, með kerfisbundnum og skipulögðum hætti, til að halda uppi verði bréfa í bankanum, meðal annars með milligöngu vildarviðskiptavina sem fengu lánað fyrir kaupunum. Daginn áður en Kaupþing féll, í október 2008, voru 92 prósent af eignasafni eigin viðskipta bankans hlutabréf í honum sjálfum. -þsj, sh / sjá síðu 4



**NÁMSHESTUR** Jónína Valgerður Örvar, fimmtán ára, er búin að kenna hestinum sínum Skugga að leggja saman og telja á nokkrum dögum. „Örugglega klárasti hestur sem ég hef komið nálægt," segir Jónína Valgerður. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mengun yfir mörkum:

## Astmasjúklingar komast varla út

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég fæ nú yfirleitt bara astma þegar kemur annaðhvort öskufok eða svifryksmengun. Í þetta skiptið fór ég út að skokka mér til heilsubótar en það fór nú þannig að maður kom bara geltandi heim út af astma," segir Gunnar Kristinn Þórðarson, sem býr skammt frá Laugardalnum. Hann á þessa dagana erfitt með að vera úti við.

„Það fer að verða lítið heilsusamlegt að fara út," segir Gunnar Kristinn.

Svifryksmengun í Reykjavík hefur nokkrum sinnum farið langt upp fyrir heilsuverndarmörk undanfarna daga.

Astma- og ofnæmissjúklingar hafa margir hverjir fundið illa fyrir þessu. Margir geta varla farið út fyrir hússins dyr án þess að veikjast. - gb

Ný lög um neytendalán setja þak á vexti og kostnað við lán:

## Tekið á smálánafyrirtækjunum

**NEYTENDAMÁL** Vextir mega ekki vera hærri en sem nemur 50 prósentum af lánsfjárhæð á ársgrundvelli, samkvæmt nýjum lögum um neytendalán sem Alþingi samþykkti í gær.

„Það er náttúrulega algjörlega ljóst að menn geta ekki stundað hvaða okurlánastarfsemi sem er eftir setningu þessara laga," segir Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Þá verða lánveitendur að upplýsa um kostnað við lán og afborganir, miðað við raunverðbólgu og tíu ára meðaltal verðbólgu. Gerð verður aukin krafa um lánshæfis- og greiðslumat við lánveitingar.

Örn Arnarson, sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir að nýju lögin hafi í för með sér meiri umsýslu sem kalli á hærri kostnað. - kóp / sjá síðu 8












## SPURNING DAGSINS



Hálfdán, fær maður bónusstig fyrir að syngja Roundabout með Yes?

**„Já, það eru tólf aukastig, douze points."**

Hálfdán Steinþórsson er framkvæmdastjóri Hringtorgs. Hringtorg stendur á fimmtudag fyrir karókíkeppni meðal háskólanema. Sigurvegarinn fær flug og miða fyrir þrjá á seinni undankeppni Eurovision í maí.

Utanríkisráðherrar Íslands og Svíþjóðar sammála um framtíð norðurslóðamála:

# Norðurskautsráð verði eini vettvangurinn

**NORÐURSLÓÐIR** Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, og Össur Skarphéðinsson, starfsbróðir hans, eru sammála um að rétt sé að fleiri ríkjum verði veitt áheyrnaraðild að Norðurskautsráði. Það myndi tryggja ráðið í sessi sem hinn eina umræðuvettvang um málefni sem tengjast norðurslóðum. Þetta kom fram í máli ráðherranna á setningarathöfn alþjóðlegrar ráðstefnu um áskoranir og tækifæri á norðurslóðum sem nýstofnað Rannsóknasetur um norðurslóðir stendur fyrir.

Átta ríki eiga aðild að ráðinu en auk þess eru sex önnur ríki áheyrnaraðilar. Fleiri ríki hafa sótt um að fá áheyrnaraðild, til að mynda Kína.

Össur og Bildt sögðust báðir í ávörpum sínum vonast til þess að ráðið kæmi til með að eflast að burðum á komandi árum. Hluti af því væri að bæta við áheyrnaraðilum.

„Með því að fá fleiri til að ganga undir okkar viðmið og reglur getum við fest Norðurskautsráðið í sessi sem hinn eina samráðsvettvang," sagði Bildt og bætti því við að ef öðrum ríkjum yrði vísað frá gæti það orðið til þess að þau leituðu annað. Fleiri áheyrnaraðilar fælu hins vegar ekki í sér minni völd aðildarríkjanna.

Össur tók undir þetta og bætti því við að nýjum áheyrnaraðilum yrði ekki hleypt inn nema þeir gengjust undir reglur Norðurskautsráðsins og legðu sitt af mörkum til rannsóknastarfs. Næsti ráðherrafundur Norðurskautsráðsins verður haldinn í Kírúna í Svíþjóð í maí næstkomandi. **- þj**



**Á GÓÐRI STUND** Vel fór á með Carl Bildt og Össuri Skarphéðinssyni í gær. Ráðstefna um norðurslóðir fer fram í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í MÖMMULEIK** Tvær ungar stúlkur í Jalalabad leika sér með búrkur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ein stærsta hátíð ársins í stríðshrjáðu landi:

## Vori fagnað í Afganistan

**AFGANISTAN Um helgina héldu Afganar hátíð í tilefni vorkomunnar og nýs árs, sem að þessu sinni er númer 1.392 frá upphafi persneska tímatalsins. Nowruz-hátíðin er ein sú stærsta, bæði í Afganistan og einnig í mörgum nágrannaríkjanna.**

**Enn geisar þó stríð í landinu og friðarviðræður stjórnvalda við talibana hafa ekki gengið vel. Í gær gripu svo leiðtogar stjórnarandstöðunnar til þess að hefja sjálfir viðræður við talibana, þar sem þeim þykir stjórninni ekkert hafa orðið ágengt.** - gb

## KANADA

### Fangar struku á þyrlu

Tveir fangar struku á stolinni þyrlu úr fangelsi skammt frá Montreal í Kanada. Þeir náðust nokkru síðar eftir mikinn eltingaleik og skotbardaga.

Veittist að tólf ára dreng:

## Árásarmaður er enn ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem réðist á tólf ára dreng í Hafnarfirði í fyrrakvöld var enn ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Árásin átti sér stað þegar drengurinn var á gangi ásamt þremur vinum sínum. Maðurinn réðist að drengjunum, náði einum og sló og sparkaði í hann. Eftir það flúði maðurinn á braut. Drengurinn fór ásamt foreldrum sínum á slysadeild. **- þj**

## Lést af slysförum

Stúlkan sem lést í slysi á bænum Fjósatungu í Þingeyjarsveit síðastliðinn föstudag hét Lilja Dóra Ástþórsdóttir.

Hún var eins og hálfs árs gömul en hún lést þegar hún varð fyrir lítilli vinnuvél.

# Kenndi hestinum að leggja saman og telja

Fimmtán ára hestakona segir hestinn Skugga hafa lært að leggja saman og telja á nokkrum dögum. „Klárasti hestur sem ég hef komið nálægt," segir hún. Ákvað að prófa hvort Skuggi væri talnaglöggur eftir að hafa kennt honum spænska sporið.

**DÝRALÍF** „Skuggi er örugglega klárasti hestur sem ég hef komið nálægt, hann lærir allt mjög hratt," segir Jónína Valgerður Örvar, 15 ára hestakona sem hefur kennt hestinum sínum að telja og reikna.

Skuggasveinn, oftast kallaður Skuggi, er tíu vetra hestur sem Jónína hefur verið með í ár. Á nokkrum dögum tókst Jónínu að kenna Skugga að telja, og komst svo að því að hann átti auðvelt með að leggja saman líka. Skuggi sýndi blaðamanni hlýðinn hvernig hann taldi upp að tíu með því að berja hófunum í snjóskafl, og að því loknu lagði hann saman einn og einn, og svo tvo og einn.

Jónína kenndi Skugga spænska sporið svokallaða í vetur, en þegar hestar stíga spænska sporið lyfta þeir framfótunum og slá höfnum í jörðina.

„Vinkona mín var að grínast í mér þegar ég var að sýna henni spænska sporið og spurði hvort ég ætlaði að kenna honum að telja. Ég hélt að þetta væri það vitlausasta sem hægt væri að gera, en svo fór ég að prófa mig áfram," segir Jónína. Hún byrjaði á að kenna honum að telja upp í tvo en sá svo að hann var lærdómsfús og hélt áfram að kenna honum tölurnar. Jónína notar hestanammi sem Skuggi er sólginn í til að fá hann til að telja og leggja saman. Þegar hann telur rétt fær hann nammi að launum.

„Hann var ótrúlega fljótur að læra þetta, mér fannst næstum eins og hann kynni þetta fyrir þó að honum hafi aldrei verið kennt þetta."

Jónína segir líklegt að Skuggi sé óvenju vel gefinn af hesti að vera og læri allt sem honum sé kennt hratt og vel. Það sama eigi við um systur hans, þó að hún hafi ekki enn verið kynnt fyrir heimi stærðfræðinnar á sama hátt og Skuggi.

Talnaþjálfun Skugga hefur ekki tekið sérlega langan tíma, hann byrjaði að læra síðastliðinn föstudag, og sýndi listir sínar þegar Fréttablaðið leit í heimsókn í hesthúsahverfið í Hafnarfirði á sunnudag.

Jónína segir þetta í fyrsta skipti sem hún hafi reynt að kenna hesti tölurnar, og þó er hún búin að vera í hestamennsku frá því hún man eftir sér. Hún hefur enn ekki fengið mikil viðbrögð frá öðrum hestamönnum enda hefur hún ekki verið að auglýsa sérstaklega hæfileika hins talnaglögga Skugga utan nánasta vinahópsins. brjann@frettabladid.is



**TALNAGLÖGGUR** Jónínu tókst að kenna Skugga að telja og reikna á nokkrum dögum, enda er hann sagður sérlega gáfaður hestur. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

**visir.is**

Myndskeið sem sýnir hestinn Skugga telja upp að tíu og leysa tvö samlagningardæmi má finna á Vísi.is og á Fésbókarsíðu Fréttablaðsins. Sjá nánar á facebook.com/frettabladid






Skemmdir unnar á Nesjavallalögn OR í annað sinn á stuttum tíma:

# Ekið á lögn þrátt fyrir bann

**ORKUMÁL** Nokkrar skemmdir uppgötvuðust á Nesjavallalögn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í gær og benda ummerki eindregið til þess að ekið hafi verið á hana. Þetta er, að því er fram kemur í tilkynningu OR, í annað skiptið á stuttum tíma sem viðlíka atvik á sér stað, en í janúar var einnig ekið á pípuna.

OR hafði í millitíðinni gripið til þess ráðs, í samstarfi við Vegagerðina, að loka veginum með áberandi hætti en til lítils að því er virðist.

Alvarlegt tjón getur hlotist af því að aka á lögnina þar sem hún gæti mögulega brostið með tilheyrandi hættu á heitavatnsskorti.

Í þessu síðasta tilviki hafði hlífðarkápa gegn tæringu rofnað og því greið leið fyrir raka að lögninni sjálfri.

OR segir þess vegna mikilvægt að láta vita ef óhapp sem þetta verður, svo að hægt sé að bregðast fljótt við og koma í veg fyrir frekara tjón. **- þj**



**KLESST Á** Einhver hefur ekið utan í Nesjavallalögn OR með þeim afleiðingum að hlífðarkápa rifnaði. MYND/OR


GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR
HELLUVAÐ, REYKJAVÍK
EIN HRAÐASTA
GATA Í HEIMI
LJÓSLEIÐARI
- 100 Mb/sek. í báðar áttir - á sama tíma!
- Ekkert „allt að". Bara alltaf hámarkshraði.
- Öflugasta fjarskiptatenging sem býðst.
HEFÐBUNDIN SÍMALÍNA (t.d. ADSL og Ljósnet)
- Miklu hægari tenging frá húsi en að því.
- Ennþá hægari tenging ef langt er í símstöð.
- Byggir á gamalli tækni og kopartengingu.
ÞÚ FINNUR MUNINN
ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR LJÓSLEIÐARA
Hvers vegna ættir þú að sætta þig við gamla og hægvirka símalínu ef hægt er að fá síma, net og sjónvarp gegnum ljósleiðara á hámarkshraða á sama verði?
Býrð þú við eina hröðustu götu í heimi?
Kynntu þér málið á www.ljosleidarinn.is
LJÓSLEIÐARINN

**GENGIÐ**
18.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,35 | 125,95 |
| Sterlingspund | 189,61 | 190,53 |
| Evra | 162,23 | 163,13 |
| Dönsk króna | 21,758 | 21,886 |
| Norsk króna | 21,599 | 21,727 |
| Sænsk króna | 19,439 | 19,553 |
| Japanskt jen | 1,3202 | 1,328 |
| SDR | 188,3 | 189,42 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
222,1394

Kaupþing lánaði vildarviðskiptavinum fyrir hlutabréfakaupum og bar oftast alla áhættuna sjálfur:

# „Bréfberar“ keyptu bréf fyrir tugi milljarða

**DÓMSMÁL** Kaupin sem sérstakur saksóknari hefur ákært fyrir í markaðsmisnotkunarmálinu gegn stjórnendum og starfsmönnum Kaupþings banka, sem segir frá á forsíðu blaðsins, gengu þannig fyrir sig að eigin viðskipti Kaupþings, þ.e. deild innan bankans, keyptu laus hlutabréf.

Þegar bankinn var farinn að eiga of mikið í sjálfum sér, en bankar máttu ekki fara yfir tíu prósenta hlut, seldi hann bréfin í gegnum verðbréfamiðlun sína. Þetta gerðist í flestum tilvikum í utanþingsviðskiptum til vildarviðskiptavina, svokallaðra „bréfbera“, sem keyptu bréfin með lánsfé frá bankanum. Oftast voru engin veð fyrir þessum lánum og því bar Kaupþing alla áhættuna. Einnig er ákært fyrir umboðssvik vegna þessara lána.

Á meðal þeirra félaga sem grunuð eru um að hafa verið í hlutverki bréfbera, og eru tilgreind í ákæru sérstaks saksóknara, eru Holt Investment Group, í eigu Skúla Þorvaldssonar, og Desulo Trading Ltd, í eigu Egils Ágústssonar. Bæði félög höfðu keypt hlutabréf í Kaupþingi fyrir tugi milljarða króna með lánum frá bankanum sjálfum. - þsj



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON** Sérstakur saksóknari hefur ákært níu manns fyrir aðild að málinu.



**KAUPÞING** Vildarviðskiptavinir Kaupþings banka eru taldir hafa tekið þátt í markaðsmisnotkun með því að kaupa bréf í bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ungir vilja klára viðræður við ESB

Ungt fólk sem fær að kjósa til þings í fyrsta skipti í vor telur mikilvægara en kjósendur almennt að endurskoða stjórnarskrána samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Unga fólkið er einnig mun áhugasamara um að verja umhverfið og vill frekar klára viðræður við ESB.

**KÖNNUN** Nýir kjósendur hafa meiri áhuga en kjósendur almennt á því að stjórnarskráin verði endurskoðuð, viðræðum við Evrópusambandið (ES) verði lokið og harðar verði gengið fram við að vernda umhverfið.

Þetta má lesa úr niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þátttakendur voru spurðir um afstöðu til fimm málaflokka sem líklegt er að tekist verði á um í komandi alþingiskosningum.

Um 71,2 prósent nýrra kjósenda telja það mjög eða frekar mikilvægt að stjórnarskráin verði endurskoðuð, samanborið við 58,5 prósent allra kjósenda.

Þá segja 71,7 prósent þeirra sem fá nú að kjósa í fyrsta skipti að það sé mjög eða frekar mikilvægt að ljúka aðildarviðræðum við ESB, en 59,4 prósent kjósenda allra eru sömu skoðunar.

Umhverfismálin virðast ofar í huga yngra fólksins en kjósenda almennt. Um 84,8 prósent þeirra telja mjög eða frekar mikilvægt að ganga harðar fram í að vernda umhverfið, en 72,6 prósent kjósenda allra deila þeirri skoðun.

Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var gerð dagana 13. og 14. mars. Könnunin var tvískipt. Annars vegar var hringt í 1.295 manns á kosningaaldri þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki. Hins vegar var hringt í 792 manns sem nú mega kjósa í fyrsta skipti þar til náðist í 500 samkvæmt lagskiptu úrtaki.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Svarhlutfallið var misjafnt eftir spurningum og hópum, en var á bilinu 51,2 til 95,4 prósent.

brjann@frettabladid.is

**→ Hversu miklu skiptir að gripið verði til aðgerða vegna skuldavanda skuldsettustu heimilanna?**




**→ Hversu miklu skiptir að stjórnarskráin verði endurskoðuð?**




**→ Hversu miklu skiptir að verðtryggingin verði afnumin af húsnæðislánum Íbúðalánasjóðs?**




**→ Hversu miklu skiptir að aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið?**




**→ Hversu miklu skiptir að ganga harðar fram í að vernda umhverfið?**




**→ Meðaleinkunn í öllum málaflokkum**

Meðaleinkunn á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er mjög lítilvægt en 5 er mjög mikilvægt.




■ Mjög mikilvægt ■ Frekar mikilvægt ■ Hvorki né ■ Frekar lítilvægt ■ Mjög lítilvægt


MATARSNEIÐAR, SNITTUR & SAMLOKUR

Glæsilegt smurbrauð fyrir fundinn í fyrirtækinu eða veisluna heima.




www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | S. 599 6660


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÁFRAM SVALT** Heldur hvasst víða á landinu í dag og bætir í úrkomu um norðan- og austanvert landið. Dregur úr vindi og úrkomu á morgun og hlýnar örlítið.




**Á morgun**
8-13 m/s NV-til, annars hægari.




**Fimmtudagur**
5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | -1° | Gautaborg | -1° | London | 9° | Orlando | 28° | San Francisco | 16° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 18° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 0° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 22° | New York | 6° | París | 9° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4. Ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi aksturseiginleika. Komdu og reynsluaktu alveg nýrri kynslóð af RAV4.
Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

**Verð frá: 6.300.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2013

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
RAV4 2.2 dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað vill Lyfjaeftirlit ÍSÍ gera?
**2.** Hvaða banki er ekki byrjaður að reikna út ofteknar greiðslur vegna bílalána?
**3.** Hver vann fyrsta Formúlumót ársins?

**SVÖRIN**

**1.** Fylgjast með steranotkun á líkamsræktarstöðvum. **2.** Landsbankinn. **3.** Kimi Räikkönen.

Hvorki ráðuneytið né þingmenn svara ákalli Fjölskylduráðgjafarinnar:

# Geta ekki veitt nægan stuðning

**AKUREYRI** „Nú er sex vikna bið eftir að fá nýjan tíma,“ segir Karólína Stefánsdóttir, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduráðgjöfinni á Akureyri. „Inn í þetta blandast svo alvarlegur skortur á heimilislæknum svo þetta er orðinn vítahringur. Fólk upplifir eilífa bið eftir stuðningi.“

Stöðugildum hjá ráðgjöfinni hefur verið fækkað úr tveimur í eitt og hálft. Fyrir efnahagshrunið var eftirspurnin orðin svo mikil að til stóð að fjölga þeim í þrjú.

Karólína segir manneklunа orðna svo mikla að ekki sé lengur hægt að veita nýbökuðum foreldrum þá lágmarksþjónustu sem ráðgjöfinni beri að veita. Forsvarsmenn stöðvarinnar sendu velferðarráðherra, formanni velferðarnefndar Alþingis og þingmönnum Norðausturkjördæmis bréf í febrúar síðastliðnum þar sem skýrt var frá erfiðri stöðu stofnunarinnar. Þá var einnig vakin athygli á hagkvæmni hennar, bæði í velferðar- og þjóðhagslegu tilliti. Ekkert svar hefur borist frá ráðamönnum. - sv



**FJÖLSKYLDUR VANTAR AÐSTOÐ** Svo mikil aðsókn er í tíma hjá Fjölskylduráðgjöfinni á Akureyri að gefist hefur verið upp á biðlistum og er forgangsröðun alfarið notuð.

Bresku flokkarnir sammála:

# Nýjar fjölmiðlareglur taka gildi

**BRETLAND, AP** Leiðtogar þriggja stærstu stjórnmálaflokka Bretlands komust í gær að samkomulagi um nýjar reglur, sem eiga að koma í veg fyrir verstu siðferðisbrot breskra fjölmiðla.

Samkomulagið er málamiðlun sem þykir flókin. Ekki verða sett ný lög heldur gefin út konungleg tilskipun.

Fjölmiðlar hafa verið andvígir nýrri fjölmiðlalöggjöf en vonast er til að fjölmiðlarnir sætti sig við þetta fyrirkomulag. - gb





Comfort Viva High Performance Siesta

Eigum eitt mesta úrval landsins af innleggjum í skó hvort sem um er að ræða sparisкó, götuskó, íþróttaskó eða útivistarskó. Við hljótum að eiga eitthvað sem hentar þínum fótum.
Einnig eigum við lausa hælpúða, tábergspúða og ilkýla.

**Til páska bjóðum við 10% afslátt af allri söluvöru í versluninni**
**Einnig bjóðum við 500 kr afslátt af viðgerðum á pinnahælum**
Kíktu á heimasíðuna okkar www.skovinnustofa.is og www.facebook.com/SkovinnustofaSigurbjorns

SKÓVINNUSTOFA SIGURBJÖRNS
Háaleitisbraut 68
Sími: 553-3980

Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík s. 553 3980








HAFBERG
fiskbúð sælkerans

20% AF ÖLLUM FISKI OG FISKRÉTTUM

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

Opið laugardaga kl. 11–14

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686


# Evrópubúar óttast fordæmið frá Kýpur

Kýpurþing frestaði aftur afgreiðslu frumvarps um skatt á bankainnistæður. Kýpurstjórn hyggst gera breytingar á skattinum, þannig að lægstu innistæðum verði frekar hlíft. Seðlabanki ESB segist ekki ætla að gera neinar athugasemdir við það.

**KÝPUR, AP** Áform Kýpurstjórnar um að leggja skatta á innistæður í bönkum, að kröfu Evrópusambandsins, hefur vakið ótta víða meðal íbúa í aðildarríkjum sambandsins.

Bæði evran og verðbréf á mörkuðum á evrusvæðinu lækkuðu töluvert í verði í gær, jafnvel þótt stærð hagkerfisins á Kýpur sé ekki nema 0,2 prósent af samanlagðri stærð hagkerfa allra evruríkjanna 17.

„Skaðinn er skeður,“ segir breski fjármálaskýrandinn Louise Cooper, sem bloggar á vefsíðunni coopercity.co.uk. „Evrópubúar vita núna að hægt er að nota sparnað þeirra til að bjarga bönkunum.“

Evrópusambandið samþykkti um helgina að útvega Kýpurstjórn 15,8 milljarða evra, eða ríflega 2.500 milljarða króna, til að bjarga bönkum á Kýpur frá falli.

ESB setti það skilyrði að Kýpurstjórn útvegaði viðbótarfjármagn í ríkissjóðinn á móti, og féllst á að stjórnin fengi það fé með því að innheimta skatt af innistæðum í kýpversku bönkunum.

Þetta er í fyrsta sinn sem ESB tekur það í mál að seilast í vasa viðskiptavina banka til að fjármagna neyðaraðstoð af þessu tagi.

Frumvarp um málið átti að bera undir Kýpurþing á sunnudag, en því hefur verið frestað í tvígang. Síðdegis í gær var stefnt á að þingið greiddi atkvæði í dag.

Kýpurstjórn hefur notað frestinn til að reyna að breyta skilmálum aðstoðarinnar, þannig að hægt verði að hlífa smærri innistæðum betur en upphaflega stóð til.




**MÓTMÆLI Á KÝPUR** Almenningur hefur harðlega mótmælt áformum um skatt á bankainnistæður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upphaflega hugmyndin var að leggja 6,75 prósenta skatt á þær innistæður sem eru lægri en 100 þúsund evrur en á hærri innistæður yrði skattprósentan 9,9.

Í gær var hugmyndin sú að leggja þriggja prósenta skatt á innistæður sem eru lægri en 100 þúsund evrur en síðan yrði skattprósentan hækkuð upp í 15 prósent á innistæður sem eru hærri en 500 þúsund evrur.

Talsmenn Seðlabanka Evrópusambandsins segjast ekki ætla að gera athugasemdir við það. Aðalatriðið sé að Kýpurstjórn takist að útvega 5,8 milljarða evra á móti neyðarframlagi ESB.
gudsteinn@frettabladid.is

**5,8** milljarða evra vill Evrópusambandið fá frá innistæðueigendum á Kýpur.

Loðnuvertíðin er á síðustu metrunum og nokkuð eftir óveitt af kvótanum:

# Skipin ekki að fá neitt af loðnu

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuvertíðinni er að ljúka er mat Alberts Sveinssonar, skipstjóra á Faxa RE, en skipin eru almennt ekki að fá neinn teljandi afla á miðunum í Breiðafirði.

„Það gengur ekki neitt. Við köstuðum einu sinni fyrir hádegið en fengum engan afla. Það er töluvert af skipum hér í Breiðafirðinum en ég hef ekki haft spurnir af því að eitthvert þeirra hafi fengið afla í dag [í gær],“ segir Albert í viðtali á vef fyrirtækisins.

Albert segir að nú verði einungis vart við loðnu sem liggur við botninn en vonar að hún komi upp og gefi sig þegar það líður á daginn. Sjómenn hafa ekki frétt af því að meira af loðnu sé að koma suður með Vestfjörðum, en vesturganga hefur haldið uppi veiðinni síðustu daga, er mat sjómanna.

Um 5.000 tonn eru nú óveidd af loðnukvóta skipa HB Granda á vertíðinni þannig að ef botninn er ekki alveg dottinn úr veiðunum samsvarar það einni veiðiferð fyrir hvert hinna fjögurra skipa félagsins. Þrjú skipanna voru við loðnuleit í Breiðafirði í gær. Samkvæmt aflastöðulista Fiskistofu í gær var búið að veiða um 90% af kvótanum í gær. Því er ekki útséð um að menn nái að veiða hann allan. Kvótinn í ár er um 464 þúsund tonn. - shá



**FAXI** Mikið þarf að hafa fyrir því að ná loðnunni þessa dagana. MYND/HBGRANDI

DRAUMARÚM

# FERMINGARTILBOÐ

30-50%
afsláttur af öllum
heilsurúmum



120 x 200 cm rúm
á fermingartilboði.

Verð frá
79.442



## LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

RúmGott er eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu.

## Tilboð á arineldstæðum 20-65% afsláttur

SÍÐUSTU DAGAR



Verð: 34.900.–



Verð: 44.900.–

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

UM HVAÐ SNÚAST NÝ LÖG UM NEYTENDALÁN?

# Alþingi bannar háa vexti á smálánum

Alþingi samþykkti lög um neytendalán í gær. Samanlagður kostnaður af vöxtum og innheimtu má aldrei verða meiri en 50% af lánsfjárhæð og upplýsingar til lánþega um kostnað og afborganir verða auknar. Tekur á smálánafyrirtækjum.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Samanlagður kostnaður lánþega vegna vaxta og innheimtu af lánum má aldrei verða hærri en 50 prósent af lánsfjárhæðinni, samkvæmt lögum um neytendalán sem Alþingi samþykkti samhljóða í gær. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segir þetta koma í veg fyrir allt of háan kostnað sem víða hafi viðgengist.

„Hér hefur viðgengist á markaðnum lánastarfsemi sem hefur falið í sér margra hundraða prósenta vexti, og algjörlega fáránlegan kostnað. Þar ber hæst svokölluð smálánafyrirtæki, en líka ýmis önnur skemmri lánsform sem hafa verið með ótrúlega háa vaxtaprósentu.“

Helgi segir það alltof lengi hafa viðgengist að fólki hafi, við lántöku, verið sýndir útreikningar sem miði afborganir við verðbólgumarkmið Seðlabankans eða jafnvel 0 prósenta verðbólgu. Það verður ólöglegt samkvæmt frumvarpinu, miðað verður við raunverulega verðbólgu og meðaltal síðustu tíu ára.

### Krafa um upplýsingar

Frumvarpið eykur einnig aðhald með lánveitingum með kröfum um lánshæfis- og greiðslumat þegar um hærri fjárhæðir er að ræða. Helgi óttast ekki að það takmarki aðgang að lánsfjármagni. „Samþykkt frumvarpsins á ekki að breyta í veigamiklum atriðum aðgangi fólks að lánsfé, en fyrst og fremst tryggja að vandað sé til veitingarinnar og að neytendur séu vel upplýstir um það sem þeir eru að gera.“

Örn Arnarson, sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir að lögin þýði meiri umsýslu þegar kemur að smærri lánafyrirgreiðslu. Eðlilega haldist hærri kostnaður í hendur við meiri umsýslu.

„Það er búið að sníða stóru agnúana af frumvarpinu við vinnslu þess. Við erum sammála markmiði laganna um að auka neytendavernd. Hins vegar leggur þetta frumvarp nýjar kvaðir á fjármálafyrirtæki, ekki síst viðskiptamenn. Minniháttar fjármálafyrirgreiðsla, sem hingað til hefur getað gengið hratt fyrir sig, verður þyngri í vöfum.“

### Tekið á smálánum

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, lagði frumvarpið fram. Hann segir það bæta réttarstöðu lánveitenda umtalsvert og fela í sér breytingar á neytendatilskipun. „Síðast en ekki síst tekur það á smálánunum og setur þak á það hvað hægt er að setja háa vexti.“

Útlán – samtök fjárlánafyrirtækja án umsýslu, eða smálánafyrirtækjanna – sendi umsögn um frumvarpið til efnahags- og viðskiptanefndar. Þar sagði að í Evrópusambandinu sem lögin innleiða sé hvergi kveðið á um hámarksvexti neytendalána og því sé óheimilt að setja slíkt í lög hér.

„Það er mat Útlána að verði sett inn ákvæði í lög um neytendalán sem kveður á um 50% hámark á árlega hlutfallstölu kostnaðar verði það til þess að smálánafyrirtækin leggist af þar sem starfsemin verður ekki lengur arðbær.“

Þá sagði í umsögn smálánafyrirtækisins Múla að slíkt hámark gæti leitt til þess að „ómögulegt verði að veita neytendum þessa þjónustu“.

Steingrímur segir að ef smálánafyrirtækin finni sér ekki markaðsstöðu innan laganna verði svo að vera. „Það er náttúrulega algjörlega ljóst að menn geta ekki stundað hvaða okurlánastarfsemi sem er, eftir setningu þessara laga. Það er eindreginn vilji löggjafans að hafa það þannig.“

Ekki náðist í Hauk Örn Birgisson, talsmann Útlána, við vinnslu fréttarinnar.

### Lög um fjármálalán

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir lögin skref í rétta átt en þó sé ekki nóg að gert.

„Ástæða þess að Framsóknarflokkurinn studdi ekki frumvarpið, en lagðist ekki gegn því, er sú að við teljum ekki sé verið að gæta hagsmuna neytenda nægjanlega þegar kemur að fasteignalánum. Það vantar almenna löggjöf um fasteignalán og það er ekki verið að vernda neytendur nægjanlega þegar kemur að lántöku vegna fasteignakaupa.“

Steingrímur hefur skipað nefnd til að vinna að rammalagasetningu um fasteignaveðlán til íbúðakaupa. Það næst þó ekki í gegn á þessu þingi.




## Helstu atriði nýju neytendalánalaganna

- Samanlögð upphæð vaxta og innheimtukostnaðar má aldrei vera hærri en sem nemur 50 prósentum af lánsfjárhæð á ársgrundvelli.
- Fólk sem tekur verðtryggð lán verði upplýst um kostnað við lán og afborganir, miðað við raunverðbólgu og tíu ára meðaltal.
- Þegar um hærri fjárhæðir er að ræða verður gerð krafa um lánshæfis- og greiðslumat.

## Allt að 600% vextir

- Smálánafyrirtækin lána allt að 80 þúsund krónur í allt að einn mánuð.
- Vextir smálána geta numið allt að 600%, að því er segir í athugasemdum við frumvarpið um neytendalán.



„Hér hefur viðgengist á markaðnum lánastarfsemi sem hefur falið í sér margra hundraða prósenta vexti og algjörlega fáránlegan kostnað.

*Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis*

## Flýtimeðferð fyrir dómstólum



Alþingi samþykkti breytingartillögu **Eyglóar Harðardóttur** um að hægt sé að óska eftir flýtimeðferð í gegnum dómskerfið þegar kemur að deilum um verðtryggð lán. Eygló segir það vera skýr skilaboð frá Alþingi um að mikilvægt sé að losa um þá óvissu um lögmæti framkvæmdar verðtryggingar sem uppi sé á Íslandi.

„Að sama skapi gerði ég athugasemdir við það hvernig löggjafinn hefur skilið það eftir hjá dómstólum að túlka samningarétt, eða kröfurétt, almennt, þegar kemur að ágreiningi í einkamálum. Þetta hefur verið stóri vandinn þegar hefur komið að gengistryggðu lánunum og það gildir í raun og veru áfram með neytendalánin. Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki sé sagt nákvæmlega til í lögunum hvaða áhrif það hefur á samningssambandið. Það getur því þurft að fara fyrir dómstóla og það hefur sýnt sig að það er ekki hver sem er sem treystir sér til að fara með sín lán þá leið.“

Sony Center
www.sonycenter.is




Snjallar fermingargjafir frá Sony

Hágæða vatnsþéttur Android snjallsími
SONY XPERIA Z
- 5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

VERÐ 139.990.-



Vatnsþéttur Android snjallsími
SONY XPERIA V
- 4,3" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

VERÐ 99.990.-



Frábær Android snjallsími
SONY XPERIA TIPO
- 3,2" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- Videoupptaka

VERÐ 22.990.-



Góð kaup á snjallsíma
SONY XPERIA J
- 4" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- Videoupptaka

VERÐ 43.990.-



Vatns og rykvarinn Android snjallsími
SONY XPERIA GO
- 3,5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- HD Videoupptaka

VERÐ 48.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645


BORÐLEGGJANDI
GÆÐI
Á GÓÐU VERÐI
Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
AMERICAN NATURALS COLLECTION
Kährs
VÖNDUÐ OG VISTVÆN VIÐARGÓLF
Nýr og glæsilegur bæklingur frá Kährs
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is




Vegagerðin tryggir opinn hringveg með varnargörðum:

# Verja á nýjan veg

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin ætlar að endurreisa mannvirkin sem skemmdust í jökulhlaupi í Múlakvísl sumarið 2011. Hringvegurinn rofnaði þar um tíma.

Ætlunin er að endurreisa brúna yfir Múlakvísl og byggja 5,2 kílómetra varnargarð austan árinnar ofan hringvegar.

Fyrirhugaðir varnargarðar miða að því að stýra rennsli Múlakvíslar undir brúna og verja vegi. Ætlunin er að tryggja samgöngur um hringveginn yfir Mýrdalssand með þeim hætti að vegamannvirki standist viðlíka álag og var í jökulhlaupinu árið 2011. **- shá**



**MÚLAKVÍSL 2011** Mikið óhagræði hlaust af því þegar hringvegurinn rofnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HINIR HANDTEKNU** Mennirnir voru leiddir fyrir dómara í gær, allir með hulið andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ummæli lögreglunnar á Indlandi vekja reiði:

# Kennir parinu að nokkru um árásina

**INDLAND, AP** Sex menn voru handteknir á sunnudag í Madya Pradesh á Indlandi, sakaðir um að hafa ráðist á par frá Sviss, bundið manninn við tré og nauðgað konunni.

Þau voru á reiðhjólum á leið til borgarinnar Agra, sem er skammt frá ferðamannastaðnum Taj Mahal. Þar tjölduðu þau í kjarri nokkuð frá veginum. Þau segja sjö til átta manns hafa tekið þátt í árásinni. Hinir handteknu eru allir fátækir bændur úr nágrenninu.

Talsmaður lögreglunnar hefur vakið reiði með ummælum sínum, en hann kenndi ferðamönnunum að nokkru um árásina: „Hvers vegna völdu þau þennan stað? Þau voru á röngum stað á röngum tíma,“ er haft eftir talsmanninum á vefsíðu breska dagblaðsins The Independent.

Nokkur vitundarvakning hefur orðið á Indlandi í kjölfar hrottalegrar hópnauðgunar í Delhi í desember, sem kostaði unga konu lífið.

Löggjöf hefur verið hert og þyngstu fangelsisviðurlög við nauðgunum hækkuð úr tíu árum í tuttugu. **- gb**

ÓRAUNHÆFAR KRÖFUR TIL MINNI OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA?
Opinn fundur um ársreikningagerð og ársreikningaskil

Er löggjöf á Íslandi varðandi ársreikningagerð og skil ársreikninga íþyngjandi fyrir fyrirtæki sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkað?

Er eðlilegt að gera ítrustu kröfur til allra fyrirtækja varðandi endurskoðun og skil ársreikninga?

Er hægt að fara aðrar leiðir án þess að slaka á eðlilegum kröfum til fyrirtækjanna?

Félag atvinnurekenda boðar til fundar um þetta brýna málefni miðvikudaginn 20. mars kl. 8.30–10.00 í húsakynnum félagsins í húsi verslunarinnar, 9. hæð. Létt morgunhressing í boði.

Dagskrá
*Tekur löggjöf um endurskoðun mið af aðstæðum óskráðra fyrirtækja?*
Stefán Svavarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst

*Skil ársreikninga og samkeppnissjónarmið. Reynslusaga.*
Benedikt Eyjólfsson, forstjóri Bílabúðar Benna

Umræður og fyrirspurnir.

Skráning á heimasíðu félagsins www.atvinnurekendur.is

FÍTON / SÍA

FÉLAG ATVINNUREKENDA

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Ársfundur Veiðimálastofnunar 2013
Verður haldinn miðvikudaginn 20. mars 2013 í Bíósal, Hótel Natura

Dagskrá:
14:00 Fundur settur
14:05 Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra
Svandís Svavarsdóttir
14:20 Yfirlit um starfsemi Veiðimálastofnunar.
Sigurður Guðjónsson
14:35 Staða íslenska laxins
Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson
15:05 Kaffihlé
15:20 Staða vistkerfis og stofna uppsjávarfiska (kolmunni, síld, makríll og lax) í Norður-Atlantshafi
Effects of marine ecosystems status for regional long and short term trends in the size and structure of the salmon runs around the northern Atlantic
Jens Christian Holst
16:20 Umræður
17:00 Fundarslit

Fundarstjóri: Sveinbjörn Eyjólfsson

Allt áhugafólk velkomið

Kjör í Hrunamannahreppi:

## Íbúar kjósa um gatnamótagerð

**FLÚÐIR** Íbúar á Flúðum munu fá að velja á milli tveggja tillagna að nýjum gatnamótum við Grund í íbúakosningum í næsta mánuði.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkti á síðasta fundi sínum að halda ráðgefandi íbúakosningu samhliða þingkosningum 27. apríl og hefur falið sveitarstjóra og formanni kjörstjórnar að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Valið stendur á milli þess að gera hringtorg eða svokölluð T-gatnamót. - þj

Vilhjálmur Egilsson fer frá Samtökum atvinnulífsins til Háskólans á Bifröst:

# Vill efla rannsóknir við skólann

**VIÐSKIPTI** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), hefur verið ráðinn rektor Háskólans á Bifröst frá og með 1. júlí næstkomandi.

Vilhjálmur segir röð tilviljana og skjótra ákvarðana hafa ráðið vistaskiptunum en staða rektors var auglýst 25. febrúar. „Ég ákvað bara að sækja um og hlakka mjög mikið til þess að takast á við starfið.“ Hann er ekki ókunnugur skólastarfi og átti, sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, þátt í að stofna Háskólann í Reykjavík. „Síðan hafa SA verið meðal helstu bakhjarla Háskólans að Bifröst svo ég hef mikið komið að málefnum skólans, sérstaklega þegar það hafa verið einhverjir erfiðleikar sem taka hefur þurft á.“

Vilhjálmur segist stefna að því að efla rannsóknir í þágu atvinnulífs og almennings við skólann, en í honum sé mjög góður grunnur að byggja á. „Hér er nýbúin mjög viðamikil stefnumótun sem ég tók sjálfur þátt í.“ - óká

### AF STARFSFERLI VILHJÁLMS

- Alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1991-2003
- Hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands 1982-1987
- Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands 1987-2003
- Ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu 2004-2006
- Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins frá 2006



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Síðustu sjö ár hefur hann verið framkvæmdastjóri SA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forseti leiðtogaráðs ESB:

## Van Rompuy hættir næsta ár

**BELGÍA** Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, segist ætla að hætta afskiptum af stjórnmálum þegar kjörtímabili hans lýkur á næsta ári.



**HERMAN VAN ROMPUY**

Van Rompuy hefur gegnt þessari stöðu frá desember 2009, en til stöðunnar var stofnað með Lissabon-sáttmála ESB. Hann var áður forsætisráðherra í heimalandi sínu Belgíu.

Á næsta ári eru bæði þingkosningar í Belgíu og kosningar til Evrópuþings, en Van Rompuy segist ekki hafa hug á þátttöku þar. - þj

Nægt framboð starfsfólks:

## Telja aðstæður fara batnandi

**ATVINNUMÁL** Flestir stjórnendur telja aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar. Þeim fjölgar þó mikið sem búast við að aðstæður verði betri eftir sex mánuði. Framboð af starfsfólki er nægt en helst vottar fyrir skorti á starfsfólki í samgöngum, ferðaþjónustu og sérhæfðri þjónustu, segir í frétt Samtaka atvinnulífsins.

Í heild gera stjórnendur ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda næstu sex mánuði en að fjárfestingar á þessu ári verði minni en á árinu 2012. Verðbólguvæntingar stjórnenda eru óbreyttar, 4% næstu 12 mánuði og 5% eftir tvö ár og búist er við áframhaldandi veikingu krónunnar.

Þetta eru helstu niðurstöður könnunar á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja, sem gerð var síðari hluta febrúar og byrjun mars 2013. - shá

Atvinnuleysið 5,5%:

## Mun lægri tölur en fyrri ár

**ATVINNUMÁL** Skráð atvinnuleysi í febrúar 2013 var 5,5% eða hlutfallslega óbreytt frá því í janúar. Þetta eru mun lægri tölur en í febrúar 2011 (8,6%) og 2012 (7,3%). Að meðaltali voru 8.715 atvinnulausir í febrúar, samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

Atvinnuleysið var 5,9% á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni var atvinnuleysið 4,9%. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum, 9,5%. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra, eða 2%.

Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði samfellt er nú 4.165 og eru það um 45% þeirra sem voru á atvinnuleysisskrá í febrúar. Fjöldi þeirra sem verið hafa atvinnulausir í meira en eitt ár samfellt var 2.487 í febrúarlok. - shá



FRAMTÍÐARSTAÐSETNING FLUGVALLARINS Í REYKJAVÍK

# Áfram karpað um flugvöll

Umræður um framtíðarstaðsetningu flugvallar í Reykjavík hafa blossað upp, enn á ný, á undanförnum vikum. Veðurstofa Íslands hefur lokið sex ára veðurmælingum á Hólmsheiði og ÍSOR hefur gefið það út að ekki þurfi að hafa vatnsvernd á svæðinu lengur.

Helstu niðurstöður Veðurstofunnar eru þær að nýtingarhlutfall flugvallarins myndi lækka um á bilinu eitt til tvö prósent. Þó á eftir að kanna ýmislegt, eins og ókyrrð í lofti, en Hólmsheiðin liggur mun hærra yfir sjó en Vatnsmýrin.

Samkvæmt núgildandi skipulagi mun flugvöllurinn fara úr Vatnsmýrinni árið 2024.

Samráðsnefnd samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar skilaði úttekt á framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar árið 2007. Í skýrslunni voru skoðaðir þrír kostir aðrir en þeir að hafa áfram völl í Vatnsmýrinni; Löngusker, Hólmsheiði og Keflavíkurflugvöllur.

Gera má ráð fyrir því að tölurnar sem fram koma í henni séu talsvert breyttar. Kostnaður við byggingu flugvallar á Hólmsheiði hefur ekki verið reiknaður á ný frá því sem var árið 2007, þegar hann var metinn um fimmtán milljarðar króna. Þá var markaðsverð Vatnsmýrarinnar í heild metið á 74,5 milljarða króna. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, bendir á að þjóðhagslegur ábati hafi einnig verið reiknaður af flutningi flugvallarins og það var ekki gert út frá markaðsverði. Þjóðhagslegur ábati var reiknaður út frá tímasparnaði, sparnaði við aksturskostnað og fleira, og var niðurstaðan sú að ábatinn yrði tæplega 2,2 milljarðar króna á ári.

thorunn@frettabladid.is

## ➜ Gert ráð fyrir lokun einnar brautar

Reykjavíkurborg og fjármálaráðuneytið skrifuðu í síðustu viku undir samning um kaup borgarinnar á landi ríkisins í Skerjafirði. Landið er 112 þúsund fermetrar og er áætlað að um 800 íbúðir geti risið þar. Á þessu landi er nú hluti af þriðju flugbraut flugvallarins, sem gert hefur verið ráð fyrir að verði lokað allt frá árinu 1999. Árið 2005 var þessi áætlun staðfest af þáverandi samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni, og þáverandi borgarstjóra, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur. Þá var gert ráð fyrir að brautinni yrði lokað strax það ár. Lokunin var svo staðfest á nýjan leik af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Kristjáni L. Möller, þá borgarstjóra og samgönguráðherra.

Nú vinna borgin og innanríkisráðuneytið að samkomulagi um það hvenær brautinni verður lokað. Verðmæti byggingarréttar á svæðinu er talið einn til þrír milljarðar króna.

## ➜ Vatnsmýrarflugvöllur

| KOSTIR | GALLAR |
|---|---|
| ➜ Nálægð við Landspítalann<br>➜ Nálægð landsbyggðar við miðborgina og stjórnsýslu<br>➜ 99 prósenta nýting – verður 98 prósent ef þriðju flugbraut verður lokað<br>➜ Lægri kostnaður við uppbyggingu | ➜ Verðmætt byggingarland nýtist ekki<br>➜ Uppbygging og þétting borgarinnar verður að mestu í austurhluta borgarinnar, með aukinni umferð.<br>➜ Ónæði og hljóðmengun fyrir íbúa í nágrenni |

## ➜ Hólmsheiðarflugvöllur

| KOSTIR | GALLAR |
|---|---|
| ➜ Losar um dýrmætt byggingarland í Vatnsmýri<br>➜ Þjóðhagslegur ábati<br>➜ Sparnaður í samgöngum fyrir höfuðborgarsvæðið<br>➜ Engin hljóðmengun | ➜ Nær fjöllum og hærra yfir sjó<br>➜ 97 prósenta nýting<br>➜ Lægri meðalhiti, meiri meðalvindhraði, meiri úrkoma<br>➜ Lengri vegalengd að Landspítala<br>➜ Lengra í stjórnsýslu og miðborg<br>➜ Mikill kostnaður (15 milljarðar samkvæmt tölum frá 2007) |






UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

**Nýr Hyundai i20 með 1,1l dísilvél er einn sparneytnasti millistærðarbíll sem völ er á.**

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kauptúni 1 er opið frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070


FYRIR HEILBRIGÐA OG ENDURNÆRÐA HÚÐ
EINS OG EFTIR GÓÐAN NÆTURSVEFN
NÝTT
INNIHELDUR ÞYKKNI ÚR GOJI-BERJUM. FRÍSKAR HÚÐINA OG MINNKAR ÞREYTUMERKI.
NIVEA
Q10 plus
ANTI WRINKLE
NEW
ENERGIZING DAY CREAM
SPF 15
Reduces wrinkles visibly
Awakens skin's radiance
NIVEA.com
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# SKOÐUN

Tæplega 20 þúsund nýir kjósendur:

## Sjóræningjar stela stjórnarskránni

1 Ungir kjósendur sem kjósa í fyrsta sinn eru nærri 20 þúsund. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 kemur fram að ef unga fólkið fengi að ráða næði flokkur pírata fimm frambjóðendum á þing. Þegar heildarfjöldi kjósenda er skoðaður á enginn frambjóðandi Pírata möguleika á þingsæti. Þetta hljóta að teljast stórtíðindi og sjaldgæft að svo mikið beri á milli yngri kjósenda og þeirra eldri.



**Mikael Torfason**
mikael@frettabladid.is

2 Þetta sama unga fólk setur flest skuldavandann í fyrsta sæti í þessari sömu könnun samkvæmt frétt í blaðinu í dag. Eldri kjósendur, eða heildarfjöldinn, eru sammála því eins og kemur fram í fyrrnefndri frétt sem er á síðu 4 í blaðinu í dag. Þetta þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart þar sem skuldir okkar hafa margfaldast og eru nú meira en tvö hundruð prósent af ráðstöfunartekjum okkar.

3 Umhverfismál, eða verndun umhverfisins, er næstum jafn mikilvægt mál og skuldavandinn í augum ungra kjósenda. Reyndar eru þeir eldri sammála og það verður að teljast merkilegt í ljósi þess að þegar á kjörstað er komið kjósum við Íslendingar ekki endilega með umhverfinu. Kannski er þetta skoðun sem viljum flagga en erum ekki tilbúin beinlínis í að vernda umhverfið með buddunni og látum það sjaldnast njóta vafans.

4 Verðtryggingin er okkur öllum ofarlega í huga og lenti í þriðja sæti hjá unga fólkinu af málefnum sem borin voru undir það. Allir flokkar vilja afnema verðtrygginguna þótt Samfylkingin boði það í tengslum við upptöku á nýjum gjaldmiðli. Einhvern tíma hefði þetta talist með öllu óraunsætt kosningaloforð en í dag er almenningur kominn með nóg. Nú viljum við vexti eins og fólk í útlöndum. Sama hvað það kostar.

5 Helmingur ungra kjósenda telur að það skipti mjög miklu máli að klára viðræður við Evrópusambandið. Unga fólkið er spenntara fyrir þessu en allir kjósendur samtals samkvæmt könnuninni. Það var lagt af stað í þessa vegferð en lítinn áhuga er að finna utan Samfylkingar á að klára viðræðurnar. Þess vegna skorar þetta mál ekki eins hátt og önnur meðal ungs fólks. Það telur umhverfismál og skuldamál brýnni.

6 Stjórnarskráin rekur lestina hjá ungu fólki af þeim málefnum sem spurt var um í könnuninni. Stjórnarskráin skorar ívið hærra hjá öllum kjósendum í heild. Á þingi er lítil samstaða um málið og allt í einu fengum við öll leið á nýrri stjórnarskrá. Vissulega eru vikulegir útifundir og ákveðinn hópur í samfélaginu sem er mjög heitur. Stjórnarskráin er aðalmál Lýðræðisvaktarinnar, nýs framboðs sem mælist varla í könnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Landsaðgangur | hvar.is
RAFRÆN TÍMARIT OG GAGNASÖFN

**Ársfundur Landsaðgangs**
**að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum**

**verður haldinn föstudaginn 22. mars kl. 15.00**

Fundurinn verður í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu við Arngrímsgötu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.hvar.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Umdeild fundarstjórn

Þingmenn héldu störfum sínum áfram í dag, en samkvæmt starfsáætlun átti að fresta þingi fyrir helgi. Þeim varð tíðrætt um fundarstjórn forseta, en tóku reyndar margir fram að forseti væri kunnur að góðri fundarstjórn og því að stýra þinginu vel. Engu að síður gerðist það hvorki meira né minna en 59 sinnum að þingmenn komu í pontu að tjá sig um fundarstjórnina. Það verður að teljast nokkuð umdeild fundarstjórn það, enda þurftu þingmenn að taka sér matarhlé áður en þeir hófu aftur störf, um fundarstjórn.



### Þorgerður þráspyr

Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, er koma bandarískra lögreglumanna hingað til lands og afskipti ráðherra af þeim hugleikin. Hún hefur nú, á rúmum mánuði, þrisvar sinnum spurt ráðherra út í málið í óundirbúnum fyrirspurnartíma. Svörin eru alltaf þau sömu; ekkert óeðlilegt átti sér stað að mati ráðherranna. Nú er að sjá hvort tími er í enn eina fyrirspurn um málið áður en þinghaldi verður frestað.



### Kaldhæðnin blívur

Á meðal þess sem rætt var um á þingi í gær var hvort stjórnarandstaðan beitti málþófi. Formaður Framsóknarflokksins bar af sér slíkan áburð og Össur Skarphéðinsson tók undir það: „Forseti. Ég verð bara að taka undir með háttvirtum þingmanni Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Það er ekki nokkrum manni sem kemur til hugar að hann eða stjórnarandstaðan hafi staðið í nokkru málþófi hér síðustu mánuði. Allra síst hefur þjóðinni komið það til hugar, svo það sé nú sagt.“

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fátækt og mannréttindi – opið bréf

SAMFÉLAG



**Árni Svanur Daníelsson**
prestur



**Kristín Þórunn Tómasdóttir**
prestur

*Kæri Jón.*
Við hjónin skrifum þér vegna þess að þú hefur látið þig varða um mannréttindi. Þú hefur gerst málsvari hópa sem eiga sér ýmist marga eða fáa málsvara og viljað beita áhrifum þínum til þess að láta gott af þér leiða. Við viljum vekja athygli þína á brýnu mannréttindamáli og kalla eftir liðsinni þínu. Við vitum að um þig getur munað.

Haft er eftir Kofi Annan, fyrrum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að „hvarvetna sem við förum einni sál frá lífi í fátækt verjum við mannréttindi. Hvenær sem okkur mistekst þetta bregðumst við mannréttindum“. Sameinuðu þjóðirnar hafa vakið athygli á því að fátækt er einn alvarlegasti mannréttindavandi samtímans. Áhrif fátæktar á konur eru sérstakt umhugsunarefni, eins og biskup Íslands kynntist í ferð sinni til Afríku á dögunum.

Við höfum séð það hér á Íslandi, fyrir og eftir hrun, hvernig bilið milli ríkra og fátækra eykst. Hvernig völdum er beitt þannig að þau sem eiga lítið eignast minna og þau sem eiga mikið eignast meira. Þetta gengur ekki lengur. Átaks er þörf og það þarf að leiða til hugarfarsbreytingar.

**➔Við höfum séð það hér á Íslandi, fyrir og eftir hrun, hvernig bilið milli ríkra og fátækra eykst. Hvernig völdum er beitt þannig að þau sem eiga lítið eignast minna og þau sem eiga mikið eignast meira. Þetta gengur ekki lengur.**

Við viljum hvetja til samvinnu stofnana sem hafa látið sig varða þessi mál. Þar nefnum við sérstaklega trúfélögin. Þjóðkirkjan sýnir von í verki í þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar og presta um allt land. Hjálparstarfið hefur verið lykilstofnun í neyðarhjálp og uppbyggingu eftir hrun. Samhjálp og Hjálpræðisherinn sinna líka fólki í neyð og gera það vel. Nýlega lýsti svo nýkjörni páfinn Frans því yfir að hann vildi gera rómversk-kaþólsku kirkjuna að fátækri kirkju sem starfar fyrir fátæka. Þar með hefur sett hann baráttuna gegn fátækt í heiminum á dagskrá.

Við þurfum að taka höndum saman til að vinna bug á aðkallandi vanda. Við skulum byrja heima og þar geta borgin okkar og trúfélögin gegnt lykilhlutverki. Ertu með?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Andaðu djúpt!



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Landlæknir birti nýverið tíðnitölur um reykingar hérlendis fyrir árið 2012 og kemur í ljós að þær eru almennt á niðurleið og ber að fagna því. Þó eru enn of margir sem nota tóbak, bæði í formi þess að reykja það og ekki síður sem munntóbak, sem er hinn versti ósiður. Heildartíðni þeirra sem reykja hérlendis er 13,8% samkvæmt þessum tölum, en karlar reykja ívið meira en konur. Þá er einnig talsverður munur á milli menntunarstigs og sem dæmi má nefna að þeir sem einungis hafa lokið grunnskólaprófi reykja í 23% tilvika en ríflega 8% háskólagenginna reykja.

Þetta eru merkilegar tölur og áhugaverðar í samhengi við lungnasjúkdóma, hjarta- og æðasjúkdóma og auðvitað tilurð krabbameina en reykingar eru almennt taldar vera einn stærsti áhættuþátturinn við þróun þessara sjúkdóma. Reykingar hafa þó áhrif á fjölda annarra sjúkdóma og vandamála svo það má með sanni segja að þær séu ein stærsta heilsuvá sem við erum útsett fyrir, bæði beint og óbeint. Ég man sérstaklega eftir því þegar prófessor í lungnalækningum sagði við mig í náminu á sínum tíma, til að leggja áherslu á mikilvægi reykingavarna, að ef við fengjum einn sjúkling til að hætta að reykja þann daginn gætum við tekið frí það sem eftir lifði dags því slíkt gagn hefðum við gert!

### Mikilvægt líffæri

Þegar horft er til lungnasjúkdóma eru ansi mörg vandamál sem hægt er að glíma við sem tengjast öndunarfærunum. Lungun eru eitt allra mikilvægasta líffæri okkar og því nauðsynlegt að þau starfi sem allra best og lengst. Hlutverk lungnanna er upptaka súrefnis annars vegar og útöndun koltvísýrings hins vegar. Mannslíkaminn er háður súrefni, án þess getum við ekki lifað, en það að halda jafnvægi í efnaskiptum og sýrustigi er einnig afar mikilvægt hlutverk lungnanna. Þetta er þó ekki það eina sem lungun gera. Þau eru mikilvægur hluti af ónæmiskerfi okkar, hafa áhrif á blóðþrýstinginn og möguleika okkar til að tjá okkur, en loftflæði er mikilvægt svo raddböndin virki.

Allt eru þetta hlutir sem við hrausta fólkið þurfum lítið að hugsa um dagsdaglega en fyrir þá sem þjást af lungnasjúkdómum lítur málið allt öðruvísi út. Þessi grein er augljóslega of stutt til að geta gert ítarlega grein fyrir því hvað getur bjátað á en ég ætla að einbeita mér að einum þeim algengasta sem er langvinn lungnateppa. Sá sjúkdómur byggir iðulega á því að viðkomandi hefur reykt eða verið útsettur fyrir mengun og ertandi efnum í vinnu svo dæmi sé tekið. Þegar horft er á tíðnitölur fyrir þennan sjúkdóm á heimsvísu eru þær risavaxnar en tugmilljónir manna þjást og margar milljónir deyja árlega af völdum hans. Langvinn lungnateppa er ein af algengustu dánarorsökum sem við þekkjum.

### Öndunarpróf

Það er ekki erfitt að greina langvinna lungnateppu en það er gert með sögu, skoðun og öndunarprófi. Þeir eru býsna margir einstaklingarnir sem eru einkennalausir um langan tíma þrátt fyrir að vera komnir með skerðingu á lungnastarfsemi og það er algengur misskilningur að ef ekkert heyrist við hlustun eða sjáist jafnvel á lungnamynd sé allt saman í himnalagi. Öndunarprófið er næmasta greiningartólið og afar mikilvægt að allir þeir sem reykja fari í slíka mælingu reglubundið, en slíkt á einnig við um þá sem starfa í iðnaði sem þekkt er að geti valdið lungnaskaða. Því eru framkvæmd reglubundin öndunarpróf til að meta einkenni og hugsanlega versnun sem einstaklingurinn er ekki farinn að átta sig á sjálfur til að geta brugðist við og lagað aðstæður viðkomandi til hins betra og fært hann til í starfi. Reykingavarnir eru verulega mikilvægar, ekki síst hjá þessum hópi fólks.

Það er því sárgrætilegt að við skulum enn horfa upp á það að fullorðið fólk sem hefur enga afsökun sé enn að reykja í þessum hlutföllum sem fram kemur í könnun Embættis Landlæknis. Ekki skal gert lítið úr þeirri fíkn sem tóbakið er né heldur vandkvæðunum við að losna undan því en betur má ef duga skal. Við erum að horfa fram á þúsundir einstaklinga hérlendis sem þurfa í framtíðinni umtalsverða aðstoð í formi súrefnis, lyfja og aðgerða vegna einkenna sinna og reykingatengdra sjúkdóma með tilheyrandi kostnaði fyrir þá sem og samfélagið. Þá er ekki búið að minnast á vinnutap, snemmbæra örorku og skerðingu á starfsgetu. Öndum því djúpt og tökum á þessum vanda, hættið að reykja!

> Við erum að horfa fram á þúsundir einstaklinga hérlendis sem þurfa í framtíðinni umtalsverða aðstoð …


## Sjúkra- og iðjuþjálfun hjá Gigtarfélagi Íslands

Fræðsla – Hreyfing - Betri líðan

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Hjá Gigtarfélagi Íslands er starfrækt bæði **sjúkraþjálfun** og **iðjuþjálfun.** Okkar markmið er að veita faglega og góða þjónustu fyrir alla sem glíma við gigt og stoðkerfisvanda. Við leggjum okkur fram við að hafa gott og þægilegt viðmót og tökum vel á móti þér, þjónustan er opin fyrir alla.



**Þórunn Haraldsdóttir** Yfirsjúkraþjálfari BSc.
**Styrmir Sigurðsson** Sjúkraþjálfari BSc. Sjúkranuddari Bjúgmeðferð
**Rannveig Gunnlaugsd.** Sjúkraþjálfari BSc. Nálastungur. Stott Pilates réttindi
**Eva Marie Björnsson** Sjúkraþjálfari BSc.
**Antonio Grave** Sjúkraþjálfari BSc. RPG
**Guðbjörg Guðmundsd.** Iðjuþjálfi BSc.
**Sigurborg Sveinsd.** Iðjuþjálfi BSc.

## Allir velkomnir


GEFUM HEILANUM GAUM!

# Ökuhæfni eftir heilablóðfall og heilaskaða

HEILBRIGÐISMÁL



Claudia Georgsdóttir
Ph.D., sérfræðingur í klínískri taugasálfræði



Tinna Jóhönnudóttir
Cand. psych. nemi, sálfræðiþjónusta LSH–Grensási

Einkenni frá miðtaugakerfi sem oft fylgja heilablóðfalli og heilaskaða geta haft töluverðar afleiðingar fyrir hæfni fólks til að aka bíl. Hér má nefna breytingar á hugrænni getu og skynjun, eins og til dæmis sjónúrvinnslu, svo og hegðun, tilfinningum og jafnvel persónuleika. Samspilið milli þessara taugasálfræðilegu einkenna er afar flókið og ekki alltaf auðskilið ef notuð eru matstæki sem leggja ekki áherslu á þetta samspil. Þess vegna er nauðsynlegt að öðlast skilning á því hvernig einkenni frá miðtaugakerfi spila saman og tengjast ökuhæfni, og þróa aðferðir og tækni til að mæla þetta samspil. Ljóst er að hér þurfa margar fagstéttir að vinna saman.

Sá fjöldi stofnana víðs vegar í Evrópu sem meta bæði læknisfræðilega og taugasálfræðilega þætti ökuhæfni er einnig vísbending um þörfina á heildrænu mati á ökuhæfni í kjölfar veikinda. Á Íslandi er enn skortur á klínískum leiðbeiningum á þessu sviði og hin síðari ár hefur í síauknum mæli verið kallað eftir réttmætari matsaðferðum á ökuhæfni almennt og ökuhæfni eftir veikindi sérstaklega.

Árið 2005 var austurríska tölvustýrða forritið og matstækið Expert System Traffic (XPSV, Schuhfried GmbH) gefið út. Það er í dag notað, í heild eða að hluta til, á matsstofnunum á sviði umferðaröryggismála víða um Evrópu. Þetta matstæki er aðferðafræðilegt framfaraskref í þá átt að þróa réttmætt mat á ökuhæfni og er nú notað á Grensásdeild Landspítala.

Þess er vænst að notkun XPSV leiði til þróunar á réttmætum og fjárhagslega hagkvæmum klínískum leiðbeiningum og matsaðferðum á ökuhæfni á Íslandi, minnki líkur á röngum ákvörðunum varðandi ökuhæfni og auki umferðaröryggi, auk þess sem það gæti nýst við endurmenntun ökumanna.

Akinwuntan, A. E., Feys, H., De Weerdt, W., Pauwels, J., Baten, G., og Strypstein, E. (2002). Determinants of driving after stroke. A retrospective study. Archives of Physical Medicine and Rehabilitation, 83, 334–341.
Hjalti Már Björnsson, og Kristín Sigurðardóttir (2005). Ökuhæfni sjúklinga. Læknablaðið, 11(91), 870-871.
Schuhfried, G. (2005). Manual Expert System Traffic (XPSV). Mödling: SCHUHFRIED GmbH.


## Verslun og velgengni
### Morgunfundur um mikilvægi verslunar



Margrét Kristmannsdóttir

**Fimmtudaginn 21. mars kl. 8:30 – 11:00 á Hótel Sögu í ráðstefnusalnum Kötlu á 2. hæð**



John Dawson

**08:15 Kaffiveitingar**

**08:30 Fundur settur.** *Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ*

**The relationship between retailing and economic growth**
*John Dawson, professor emeritus við Edinborgarháskóla og Stirling University*



Ágúst Einarsson

**Hagræn áhrif verslunar – niðurstöður nýrrar rannsóknar kynntar**
*Dr. Ágúst Einarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst*

**Kaffi**



Emil B. Karlsson

**Ávinningur af starfsmenntun verslunarfólks**
*Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar*

**Áhrif gengissveiflna á verðlag á Íslandi – kynning á rannsóknaniðurstöðum**
*Kári Joensen, lektor við Háskólann á Bifröst*



Kári Joensen

**Samantekt.** *Stefán Einar Stefánsson, formaður VR*

**Vinsamlega skráið þátttöku á skraning@bifrost.is**



Stefán Einar Stefánsson

RANNSÓKNASETUR VERSLUNARINNAR
SVÞ Samtök verslunar og þjónustu
Virðing Réttlæti VR
ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ







# Skylda stjórnmálamanna

STJÓRNMÁL



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Hver er helgasta skylda stjórnmálamannsins? Hún er augljós: Að leita þess sem er heillavænlegast fyrir land og þjóð. Oft er þó miklu meira hugsað um hitt, hvað sé heillavænlegast fyrir hann sjálfan, flokkinn og sérhagsmuni þeirra hópa sem hann mynda. Stundum skrumskæla menn svo hugsjónirnar að úr verður hrein hræsni. Ég get nefnt dæmi. Menn taka ónauðsynleg Vaðlaheiðargöng og hjóla- og göngubrú yfir Fossvog fram yfir mannauð og tækjakost Landspítalans. Eiginhagsmunir, kjördæmapot og sýndarmennska ríða ekki við einteyming á Alþingi í dag. Mér ofbýður þó mest þegar menn neita að skoða þá möguleika sem hvað líklegastir eru til að skapa hér nýja og betri framtíð. Ég á þar við aðild að ESB.

Okkur reynist erfitt að byggja upp eftir hrunið og finna nýjar, betri leiðir en þær sem enduðu í ógöngum. Við nutum hjálpar alþjóðasamfélagsins, bæði vinaþjóða og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Því ætti að vera auðlært að það er gott að njóta bróðernis sem nær út yfir öll þjóðernismörk. ESB er samfélag þjóða úr okkar menningarumhverfi, er hafa myndað sterkan gjaldmiðil sem okkur vantar sárlega til þess að losa um gjaldeyrishöft og hindra óðaverðbólgu. Þar er og stefnt að menntun, menningu og ekki síst æ sterkara atvinnulífi.

### Vansæmd

Alþingi ákvað að fara í viðræður við ESB með þá von að ná fram ásættanlegum samningi. Þær hafa gengið vel en nú hefur stærsta stjórnmálaafl í landinu krafist þess að viðræðunum verði slitið. Þar með er í raun farið gegn þingræðinu en flokksræði Sjálfstæðismanna á að koma í staðinn. Hvernig rímar þetta við hugsjónir um frjálsa hugsun, málfrelsi og lýðræði? Krafan um umræðuslitin og það sem henni fylgir lyktar mjög af gömlum einræðishugmyndum og er því mikil vansæmd fyrir samfélag okkar.

Hvað er það sem á að stöðva? Tilraun stjórnvalda til að sjá hvort þarna sé að finna kannski bestu leiðina til að koma íslensku samfélagi á nýja braut, sem leiði til sömu lífsgæða og þær þjóðir njóta sem við berum okkur saman við. Ég lít svo á að þar sé forysta Sjálfstæðisflokksins að bregðast sinni helgustu skyldu, að leita þeirra leiða sem eru þjóðinni til heilla. Það vekur grundvallarspurningu: Við hvað er flokkurinn hræddur?

Enginn veit að óreyndu hvernig hugsanlegur samningur gæti litið út. Þetta er bara tilraun en vissulega mikil von þar að baki. En þetta þarf að koma í ljós til þess að við vitum öll hvort við viljum inngöngu í ESB eða ekki. Um hitt þarf ekki að deila að þar á þjóðin sjálf síðasta orðið. Þess vegna er áhættan í raun engin en ávinningurinn gæti orðið mikill.

ESB-andstæðingarnir eru fleiri og klifa margir á því að þarna sé „ekkert um að semja“, við verðum aldrei nema smápeð á taflborði ESB, áhrifalaus með öllu. Þeir tala þar gegn betri vitund, eru að reyna að blekkja okkur hin og þar með að dæma sjálfa sig óhæfa til þingsetu í umboði almennings.

### Undanþágur

Ég hef fengið slík svör frá mínum gamla flokki. Þess vegna rak mig í rogastans er ég sá að það sem ég vissi um undanþágur í samningum annarra þjóða er býsna vel tíundað í skýrslu frá 2007 um „Tengsl Íslands og ESB“, sem samin var af níu manna nefnd úr öllum flokkum undir forsæti Björns Bjarnasonar. Þeir töldu fram yfir 20 undanþágur. Þarna er m.a. um að ræða varnir fyrir Dani og Maltverja til að hindra að stórir hlutar lands þeirra lendi í eigu útlendinga. Leyfi Finna og Svía til að styrkja eigin landbúnað á norðurslóðum sem nemur 35% umfram önnur aðildarlönd. Þeir, ásamt Bretum og Írum, sömdu einnig um sk. harðbýlisstyrki frá ESB til þess að standa betur af sér samkeppni við frjósamari svæði Evrópu. Finnland er nú skilgreint sem 100% harðbýlt svæði. Einnig eru sérákvæði um Álandseyjar. Þá hafa Danir, Bretar og Írar fengið undanþágur frá sn. Amsterdamsamningi. Þessar undanþágur eru miklu fleiri en hér er hægt að telja. Rétt er að taka það fram að lagaleg staða undanþágu eða sérlausnar sem fer inn í aðildarsamning hefur sama lagagildi og stofnsáttmálar ESB. Hið sama gildir um bókanir, ef þær fara þar inn. Loks má geta þess að við höfum fengið ýmsar sérlausnir í EES-samningnum.

**→ Krafan um umræðuslitin og það sem henni fylgir lyktar mjög af gömlum einræðishugmyndum …**

Samkvæmt upplýsingum frá samninganefnd okkar komu fulltrúar ESB með ákveðin innlegg í upphafi umræðna um landbúnaðar- og sjávarútvegsmálin. Þar er sagt í samandregnu máli: Að landbúnaður sé mikilvægur vegna dreifbýlisþróunar og sjálfbærni. Að sérstaða íslensks landbúnaðar sé mikil vegna erfiðra loftslagsskilyrða og strjálbýlis. Því er talið nauðsynlegt að leita sérstakra lausna fyrir Ísland á vissum sviðum. Staða sjávarútvegsins er einnig rík og ljóst að Ísland muni hafa mikil áhrif á sjávarútvegsstefnu ESB, sem nú er öll í endurskoðun.

Þetta eru jákvæð atriði sem mikilvægt er að skoða. Ef forysta sjálfstæðismanna og annarra ESB-andstæðinga hefur ekki vitað um þetta stendur hún ekki undir nafni en hafi hún vitað þetta, þegar kjósendum var sagt að ekki væri um neitt að semja, þá hafa þeir sniðgengið sannleikann svo rækilega að enginn trúir þeim lengur. Þeir hafa þá sjálfir dæmt sig úr leik, af því að hlutverk þeirra er að leita sannleikans og segja hann.

# Löggjafinn og barnið

SAMFÉLAG



**Oktavía Guðmundsdóttir**
félagsráðgjafi Félags einstæðra foreldra

Það þarf að huga að svo mörgu þegar foreldrar ákveða að skilja, ekki síst þegar þeim hefur hlotnast sú hamingja að eignast litlar mannverur, sem strá af örlæti sínu hlýjum geislum allt um kring. Fyrir rúmum tveimur áratugum síðan horfði ég á sjónvarpsviðtal við ungan stoltan föður, sem hafði nýverið ættleitt barn ásamt eiginkonu sinni frá fjarlægri heimsálfu. Ég man sérstaklega eina setningu úr viðtalinu, en hún var eitthvað á þessa leið: „Það eru ólýsanleg forréttindi og hamingja að FÁ að ala upp barn“. Það er auðvitað alveg rétt og ekkert sjálfgefið að öllum hlotnist sú gæfa í lífinu. Á þessum tíma var þetta samt svolítið sérstakt að faðirinn kæmi fram fyrir alþjóð og segði frá þessari tilfinningu sinni af slíkri einlægni og sannfæringu.

Á þessum tíma var algengast við skilnað foreldra að umgengni barns við það foreldri sem barnið hafði ekki lögheimili hjá væri stutt helgardvöl. Oft sáust helgarpabbarnir og börn þeirra á sundstöðum, McDonalds eða á rölti niður á tjörn með andabrauð. Nú er öldin sem betur fer önnur. Það er í dag nokkuð algengt að það foreldrið sem ekki er með lögheimili barns hjá sér vilji axla ábyrgð og vera meiri þátttakandi og uppalandi í lífi barns síns, ekki bara um helgar heldur líka í daglegri rútínu og erli dagsins.

**→ Oft sáust helgarpabbarnir og börn þeirra á sundstöðum, McDonalds eða á rölti niður á tjörn með andabrauð. Nú er öldin sem betur fer önnur.**

Löggjafinn gerði ef til vill ekki ráð fyrir þessum hröðu breytingum. Því enn er lögheimili barnsins hjá öðru foreldrinu, enn er það þannig að allur opinber stuðningur fer til annars foreldrisins, þó svo báðir foreldrar annist barnið jafnt. Auðvitað geta foreldrar samið um annað sín á milli en það ber ekki öllum gæfa til þess. Margir kjósa frekar að fara alfarið eftir lagabókstafnum.

Undirrituð fagnar þingsályktunartillögu sem hefur fengið jákvæða umsögn úr velferðarnefnd alþingis um að þessu verði breytt. Annaðhvort með því að barn geti haft lögheimili hjá báðum foreldrum eða að smíðað verði nýtt lagahugtak um jafna búsetu. Aðalatriðið er að hagsmunir barna verði ávallt hafðir í fyrirrúmi og jafnrétti ríki meðal þeirra.



FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## HOLLT OG GOTT

**Gúrka er hitaeiningasnauð, aðeins 10 kaloríur í 100 g. Hún inniheldur mikið vatn, A- og C-vítamín ásamt kalsíni og járni. Gúrku er hægt að neyta á margvíslegan hátt, til dæmis í salat, sem meðlæti með kjöti og fiski eða setja hana í ídýfu.**

Er rakastigið of hátt?
VIFTUR
hljóðlátar og rakastýrðar
íshúsið
Lausnir til að stýra raka
www.viftur.is

lifestream™
12 ÁRA VELGENGNI Á ÍSLANDI
Eingöngu lífrænt ræktuð bætiefni
Hámarks næringargildi og upptaka í líkamanum
AstaZan
Spirulina
Ultimate Greens

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Boston
leður
Svart, Hvítt st. 35-48
Rautt st. 36-42
Blátt st. 36-47
Verð: 12.900 kr.
Lissabon
Dömusandalar m/ frönskum rennilás
Efni: leður
litur: Hvítt, Rautt, Svart
st. 36-42
Verð: 9.990 kr.
California
(afrafmagnaðir)
Efni: Leður
Litur: Svart, Hvítt
St. 35-46
Verð: 16.900 kr.
Paris
leður
Svart, Hvítt, Blátt
m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 12.900 kr.
Verona
Svart, Hvítt
st. 36-41
Verð: 9.500 kr.
Dömusandalar m/frönskum rennilás
Efni: gervileður
Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt
St. 36-42
Verð: 7.900 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Laugardaga kl. 11-15



# GRENNIST Á ALPHA DAILY-DRYKKNUM

**ALPHA DAILY KYNNIR** *Björn Ingi Stefánsson mælir með Alpha Daily en hann hefur drukkið drykkinn í tæpt ár.*

Björn Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri og Kríunesbóndi, mælir með Alpha Daily en hann hefur drukkið drykkinn í tæpt ár.

„Drykkurinn hefur greinilega hjálpað mér að grennast. Löngun í sykur hefur minnkað og ég er allur orkumeiri og frískari," segir Björn.

Björn hefur nú drukkið Alpha Daily-blönduna í tæpt ár. Hann segist ekki hafa fundið áhrif af drykknum alveg strax frá fyrsta degi en að fljótlega hafi hann byrjað að finna mikinn mun til hins betra.

„Ég kom mér fljótt upp í ákveðið neyslumynstur og drekk blönduna á hverjum degi. Best finnst mér að drekka hana á fastandi maga þegar ég vakna. Ég fæ ekki betri svaladrykk þegar hann er ískaldur; hann er mjög góður við þorsta," segir Björn sem einnig finnur mikinn mun á húð sinni.

„Ég hef verið með viðkvæma húð lengi og er góður núna, ekki eins þurr. Einnig er ég laus við einhvers konar magaóþol sem ég hafði verið að glíma við. Ég upplifi drykkinn bæði vatns- og bjúglosandi."

Alpha Daily fæst í Hagkaup, Víði, Fjarðarkaupum, Kosti, Melabúðinni, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Garðheimum og Blómavali. Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til Alvöru heilsuvara á Smiðjuvegi 38 í Kópavogi og fá áfyllingu á góðu verði.




**GÓÐUR DRYKKUR** „Löngun í sykur hefur minnkað og ég er allur orkumeiri og frískari," segir Björn Ingi Stefánsson.
MYND/VALLI

iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# PRO•STAMINUS LOFAR GÓÐU FYRIR KARLMENN 50 ÁRA OG ELDRI

**GENGUR VEL KYNNIR** *Er þvagbunan kraftlítil? Þarftu að pissa oft á nóttunni?*

Pro•Staminus er nýtt og gríðarlega spennandi náttúrulegt efni fyrir karlmenn sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli," segir Gígja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari og sölu- og markaðsfulltrúi Gengur vel ehf. „Margir karlmenn gefa þessu ekki gaum strax en þrengingin og þrýstingurinn sem verður á þvagrás af völdum stækkunar kirtilsins geta meðal annars leitt til kraftminni þvagbunu, tíðra þvagláta, erfiðleika við að tæma þvagblöðru og fleira," segir Gígja.






### EFNIÐ PRÓFAÐ Á 20 ÍSLENSKUM KARLMÖNNUM

Gengur vel auglýsti eftir þátttakendum í prufuhóp í útvarpsþættinum Heilsan heim á útvarpi Sögu 22. janúar sl. og fékk góðar undirtektir og fjölmargar fyrirspurnir. Í heildina prófuðu 20 karlar á aldrinum 43-80 ára Pro•Staminus og er skemmst frá því að segja að um það bil 70% fundu jákvæðar breytingar. Sumir fundu mjög miklar breytingar og aðrir minni en aðallega voru breytingarnar fólgnar í færri klósettferðum á næturnar, sterkari þvagbunu og betri tæmingu þvagblöðrunnar. Einn þátttakendanna fækkaði næturferðum á klósettið úr sex í eina og nokkrir töluðu um að fá ekki eins oft ofursterka þvaglátstilfinningu. „Það var frábært að kynnast þessum heiðursmönnum og þeir voru opnir og einlægir í sínum svörum gagnvart málefnum sem áður fyrr var minna rætt um. Mér finnst eins og karlmenn séu opnari að tjá sig um heilsuna, séu meira vakandi yfir eigin velferð og leita leiða til að láta sér líða betur og það er frábært," segir Gígja og tekur fram að það hafi komið henni þægilega á óvart hversu margir þátttakendanna hefðu leitað til læknis vegna þeirra kvilla sem þeir hefðu verið að upplifa.

### TÍÐAR KLÓSETTFERÐIR TRUFLA NÆTURSVEFN

Ekkert jafnast á við góðan nætursvefn og gefur þetta nýja efni karlmönnum góða von um bættan svefn og ekki síður mökum þeirra sem eiga við þetta algenga vandamál að stríða. „Það er þreytandi til lengdar fyrir báða aðila þegar verið er að brölta fram úr rúminu, jafnvel mörgum sinnum á nóttu, til að pissa því rof á svefni hefur mikil áhrif á hvernig við hvílumst og orka og einbeiting yfir daginn minnkar. Það er því til mikils að vinna að fækka næturferðum á klósettið," segir Gígja. Hún tekur fram að það séu margir þættir sem karlmenn þurfi að huga að áður en farið er að sofa, eins og að drekka ekki mikið fyrir svefn og varast sérstaklega koffíndrykki og áfengi en slíkt getur aukið þvagframleiðslu.

Inntaka á Pro•Staminus er mjög einföld en það þarf einungis tvær töflur á dag, helst með kvöldmat. Flestir finna mun innan mánaðar en sumir þurfa að gefa sér um þrjá mánuði til að sannreyna að Pro•Staminus gagnist. „Þetta er algjörlega þessi virði að prófa. Einfalt í notkun, frábær innihaldsefni og til mikils að vinna ef svefninn batnar, klósettferðum fækkar og þvaglát verða skilvirkari," segir Gígja að lokum.

Pro•Staminus fæst í apótekum, heilsuhúsum og Fjarðarkaupum Hafnarfirði.



**GÓÐ LAUSN FYRIR KARLA**
***Gígja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari og sölu- og markaðsfulltrúi Gengur vel, segir að fyrirtækið hafi fengið karla í prufuhóp.***

**PRO•STAMINUS**
***Pro•Staminus sameinar hefðir og nýsköpun og inniheldur einstaka blöndu hörfræja, graskersfræja og granatepla sem eru mikilvæg til að halda góðum blöðruhálskirtli og þvaglátum út ævina. Talið er að flestir karlmenn finni fyrir einkennum góðkynja stækkunar blöðruhálskirtils og algengast er að það gerist eftir að 50 ára aldri er náð en kemur þó fyrir hjá yngri mönnum líka.***

## VEKUR ATHYGLI HJÁ STJÖRNUNUM

**■ ÖFGAR?**
**Ný bandarísk bók sem fjallar um hvernig megi halda sér grönnum hefur slegið í gegn hjá stjörnunum. Bókin heitir Honestly Healthy og í henni birtast uppskriftir sem hafa fallið Victoriu Beckham, Gwyneth Paltrow og Jennifer Aniston vel. Bókin leggur áherslu á svokallaða basíska fæðu en hún bannar hveiti, sykur, te, mjólkurvörur, skelfisk, pasta, baunir, kjöt, fisk, kaffi, gosdrykki, áfengi og fleira. Flestum þætti þetta helst til öfgafullt en helst á að borða grænmeti og ávexti. Höfundar bókarinnar segja að með því að fylgja mataræði hennar sé hægt að forðast marga hættulega sjúkdóma.**









## D-VÍTAMÍN FYRIR ÓFRÍSKAR KONUR

Norrænar konur eru hvattar til að taka inn D-vítamín sem er nauðsynlegt líkamanum. Í nýrri sænskri könnun kemur í ljós að barnshafandi konur þjást margar af D-vítamínskorti sem eykur hættuna á háum blóðþrýstingi og meðgöngusykursýki. Þá er hættara á að barnið fæðist of lítið. 85% kvennanna sem þátt tóku í rannsókninni höfðu of lítið D-vítamín í kroppnum og 28% þjáðust af vítamínskorti. Það þykir mikið áhyggjuefni. Margar þessara kvenna voru langt gengnar á meðgöngu en voru undir eðlilegri þyngd. Talið er að heilsuátak og offituumræða sé orsakavaldur. Konur eru hræddar við að þyngjast of mikið á meðgöngu.
Konurnar voru spurðar um matarvenjur og hversu mikið þær væru úti undir beru lofti. Ófrískar konur og konur með barn á brjósti þurfa að taka heldur meira en aðrir af D-vítamíni.
Lax og aðrar feitar fisktegundir eru D-vítamínríkar. Einnig er konum bent á að taka inn lýsi.



**OF LÉTTAR** Samkvæmt sænskri könnun eru margar ófrískar konur of léttar og þjást af D-vítamínsskorti.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

Reynsluakstur Ford Fiesta
Leita glæstra fornbíla
Meirihluti yfir hámarkshraða!
Volkswagen fjölgar bílgerðum
Áskorun frá FÍB

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 19. MARS 2013



FRÉTTABLAÐIÐ
visir.is/bilar

# Framleiða 2.700 Audi-bíla á dag

**Unnið er allan sólarhringinn á þrískiptum vöktum. Til höfuðstöðvanna í Ingolstadt koma 250 kaupendur á dag að sækja nýja bíla sína. Audi hyggst fjárfesta í verksmiðjunni fyrir einn milljarð evra á ári til 2015.**

Fáar fréttir fara af Audi en góðar fréttir. Fyrirtækið rakar til sín verðlaunum og bílar þeirra seljast vel í öllum heimshlutum. Enn fremur var hagnaður Volkswagen á síðasta ári að stórum hluta upprunninn frá Audi. Höfuðstöðvar Audi eru í Ingolstadt, ekki langt frá München í Bæjaralandi. Blaðamaður bílablaðs Fréttablaðsins var þar á ferðinni fyrir stuttu og fékk langa og ítarlega leiðsögn um verksmiðju Audi í Ingolstadt, sem og um glæsilegt bílasafn Audi. Í Ingolstadt eru framleiddir hvorki meira né minna en 2.700 bílar á dag af 35.356 starfsmönnum í verksmiðju sem er á stærð við Mónakó. Unnið er allan sólarhringinn, til að að anna mikilli eftirspurn eftir bílum þeirra, nema á sunnudögum. Þessi framleiðsluhraði þýðir að nýr bíll verður til á 30 sekúndna fresti. Það er kannski ekkert skrítið í ljósi þess að verksmiðja þessi er næststærsta bílaverksmiðja Evrópu, á eftir verksmiðju Volkswagen í höfuðstöðvum þeirra í Wolfsburg. Audi er mjög eftirsóttur vinnustaður og því nýtur fyrirtækið þess að geta valið góða starfsmenn úr stórum hópi þeirra sem þar vilja vinna.

### Hver bíll tekur 32 tíma í framleiðslu

Það er sannarlega með ólíkindum að koma inn á svo stóran vinnustað og enn áhugaverðara að sjá hvernig þeir vinna á meðal þeirra ótalmörgu vélmenna sem þar eru. Vitað var að bílar Audi eru vandaðir mjög en eftir heimsóknina sannfærðist blaðamaður um af hverju. Kemur þar margt til, svo sem vönduð efnisnotkun, ótrúlegt gæðaeftirlit, rannsóknarstarf og notkun allra nýjustu tækni. Í Ingolstadt eru framleiddir bílarnir A3, A4, A5, TT og Q5. Tekur það að jafnaði 32 klukkustundir frá því að smíði bíls hefst þangað til hann rúllar fullsmíðaður út úr verksmiðjunni. Það gefur því augaleið að margir bílar eru í smíði í einu og þeir mjakast hægt og rólega eftir færiböndunum og færast milli starfsmanna sem hver og einn hefur sitt sérhæfða hlutverk. Starfsmenn skipta þó oft um hlutverk til að einhæfni gæti minna.

### Frábært starfsumhverfi

Flestir ímynda sér að það að vinna við að setja saman bíla sé eins og úr Chaplinmynd þar sem fólk vinnur eins og vélmenni, er hætt að hugsa og vinnur ósjálfrátt. Svo er ekki. Starfsfólk fer úr einu í annað og reynir stöðugt að finna út hvernig gera má hlutina betur og er umbunað fyrir vel heppnaðar umbætur. Starfsumhverfi þeirra er eins gott og hugsast getur og engum þeirra er gert það að vinna við óheilbrigðar aðstæður. Bílunum er snúið og lyft eftir því hvernig hver starfsmaður er í bestri líkamsstöðu til að sinna hlutverki sínu. Hreinleiki og snyrtimennska er í hávegum höfð og hægt að fullyrða að flestar skrifstofur eru mun skítugri en gólfin þar. Loftræsting virðist einnig vera með allra besta móti og fannst aldrei óþægileg lykt af neinum sterkum efnum. Þó örlítið í þeim sal þar sem bílarnir eru soðnir saman af vélmennum, þar fannst suðulykt sem margir kannast við af bílaverkstæðum eða í skipasmíði. Búast má við að verksmiðjan í Ingolstadt þróist nokkuð og stækki á næstu árum því til ársins 2015 er áætlað að fjárfesta í henni fyrir 1 milljarð evra á ári, eða 126 milljarða! Það rímar kannski ágætlega við áætlanir Audi að fjölga mjög bílgerðum sínum á næstu árum til að þóknast kaupendum. Á teikniborðinu eru a.m.k. Q2, Q4 og Q6 jepplingar.











Óhætt er að mæla með 100 hestafla EcoBoost-vélinni umfram afllausa 80 hestafla vélina og munar litlu í verði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# KNÁR ÞÓ SMÁR SÉ

## Hefur verið þekktur sem góður akstursbíll og það var staðfest í reynsluakstri. Fallegur að innan sem utan og lipur sem köttur.

**FORD FIESTA**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Ford Fiesta er sannkallaður heimsbíll en hann er seldur í flestum löndum heims og framleiddur í tíu löndum. Fiesta á sér ansi langt líf. Hann kom fyrst á markað árið 1976 og af honum hafa verið seld yfir 15 milljón eintök og fer sú tala nú hratt hækkandi með mikilli sölu hans á öllum mörkuðum. Fiesta er eitt að stóru nöfnunum í bílaheiminum og í þeim stærðarflokki sem selst best. Þessu væri ekki að heilsa ef bíllinn væri ekki góður, það er hann sannarlega. Ford Fiesta hefur verið mikið mærður á undanförnum árum fyrir góða akstursеiginleika eins og stærri bróðir hans, Ford Focus, og það var staðfest í reynsluakstri á honum. Hönnun ytra útlits Ford Fiesta er framúrstefnulegt, djarft, vel heppnað og sannarlega í ætt við Focus.

### Litlar og misöflugar vélar

Fiesta fæst með einum af fimm vélarkostum en reyndur var bíll með 1,0 lítra og þriggja strokka bensínvél sem er 80 hestöfl. Þá vél má einnig fá 65



## Volkswagen fjölgar bílgerðum í Bandaríkjunum

**Til greina kemur hjá Volkswagen að framleiða stóran þriggja raða sæta SUV-bíl aðeins fyrir Bandaríkjamarkað, en þar í landi er mikill markaður fyrir slíka bíla. Væri þetta einn liðurinn í að tvöfalda sölu Volkswagen þarlendis árið 2018, eða í 800.000 bíla. Yrði bíllinn sá líklega framleiddur í verksmiðju Volkswagen í Chattanooga þar vestanhafs og myndi bætast þar við framleiðslu þeirra 135.000 Passat-bíla sem nú eru framleiddir þar á hverju ári.**

# Meirihluti yfir hámarkshraða!

## Hvað segir það okkur, er meirihluti Íslendinga brotamenn?

Þessa fyrirsögn kannast margir við úr blöðum og netmiðlum, en þær birtast í kjölfar umferðareftirlits lögreglunnar þar sem hraði ökumanna er mældur. Ein slík birtist í síðustu viku en þar mældi lögreglan ökuhraða á Hallsvegi við Gufuneskirkjugarð og reyndust 58% ökumanna yfir löglegum hraða og meðalhraðinn 17 km/klst yfir löglegum hraða, sem er 50 km/klst. En er ekki eitthvað bogið við það að oftar en ekki er meirihluti ökumanna yfir löglegum ökuhraða? Er þá ekki í raun þegjandi samkomulag um það meðal ökumanna að ökuhraðinn sé of lágur?

### Flestir aka eftir aðstæðum

Flestir ökumenn aka sannarlega eftir aðstæðum og vilja ekki valda sjálfum sér né öðrum tjóni og haga aksturslagi sínu eftir því. Meirihluti þeirra áætlar samkvæmt því að löglegur ökuhraði sé of lágur og ekur aðeins hraðar. Samkvæmt laganna bókstaf eru þeir hins vegar brotlegir og verðskulda sekt samkvæmt því.

### Aukið eftirlit fækkar ekki slysum

Breskar kannanir sýna að þar sem mikið umferðareftirlit er, þ.e. tíðar hraðamælingar með myndavélum eða framkvæmdar af lögreglumönnum, verða ekki færri slys. Fréttir berast víða að úr heiminum að undanförnu um hækkun leyfilegs hámarkshraða. Er það rökstutt með niðurstöðum tilrauna um að slysum fjölgi ekki, bættum búnaði bifreiða, eða bættra aðstæðna. Oft hefur heyrst af undrun Íslendinga að hámarkshraði á nýjum og glæsilegum Keflavíkurvegi sé ekki hækkaður, þar sem á sambærilegum vegum erlendis sé leyfður miklu meiri hraði. Þeir hafa sitthvað til síns máls.



Margir hafa óskað eftir hærri hámarkshraða á Reykjanesbraut.

## FORD FIESTA

1,0 BENSÍNVÉL, 80 HESTÖFL
Framhjóladrif

**Eyðsla** 4,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 99 g/km koltvísýringur

**Hröðun** 14,9 sek.
**Hámarkshraði** 165 km/klst.
**Verð** 2.650.000 kr.
**Umboð** Brimborg

- Vantar sjötta gír í beinskiptingu
- Minni vélarnar kraftlitlar

- Góðir akstursseiginleikar
- Laglegt innanrými
- Gott verð

hestafla sem og hina margverðlaunuðu 100 hestafla EcoBoost-vél, en hún er með sama sprengirými. Þá býðst einnig 1,6 lítra bensínvél, 105 hestöfl og 1,5 lítra dísilvél, 75 hestöfl. Um 80 hestafla bensínvélina í reynsluakstursbílnum er það að segja að hún er frekar kraftlaus fyrir þennan bíl og fyrir marga verður freistandi að velja frekar 100 hestafla EcoBoost-vélina. Með þá vél kostar hann ekki nema 100.000 kr. meira og eyðsla þess bíls er sú sama og mjög lág, 4,3 lítrar í blönduðum akstri. Allar útgáfurnar, nema sú með 1,6 lítra bensínvélinni, fá frítt í stæði og menga minna en 100 g/km af CO2. Ekið var beinskiptum bíl, sem flestar útgáfur hans reyndar eru, því hann býðst aðeins sjálfskiptur hjá Brimborg með 1,6 lítra bensínvélinni. Beinskipting bílsins er ágæt, nema fyrir eins hluta sakir, það vantar sárlega sjötta gírinn. Þessi skortur hefur kannski ekki mikið að segja í borgarakstri en væri sannarlega ókostur utan borgarmarkanna. Þegar nálgast fer þriggja stafa tölu á hraðamælinum er vélin á 3.000 snúningum og virkilega hefur fyrir hlutunum. Það hleypur upp eyðslu bílsins, sem sjötti gírinn kæmi í veg fyrir. Það væri ekki heppilegt að aka bílnum á þýskum hraðbrautum og vera að flýta sér.

### Frábær í akstri og flott innrétting

Þegar kemur að því að lýsa akstursseiginleikum bílsins kemur helst upp orðið frábær. Hann er einstaklega hæfur bíll í akstri og liprari en liðugasti köttur. Því verður einstaklega skemmtilegt að leggja mikið á hann og leyfa honum að sýna snilli sína í frísklegum akstri. Það hjálpar vafalaust akstursseiginleikum bílsins hversu lítil og létt vélin er í bílnum og nef hans verður sannarlega ekki þungt. Vanalega þegar keyptur er lítill bíll þarf kaupandi hans að sætta sig við hráleika, lítil þægindi og aukabúnað og að lítið sé lagt í útlit að innan. Ekkert af þessu á við Ford Fiesta, hann er hreinlega flottur að innan og stjórntækin ríkuleg og flott, hönnun öll til fyrirmyndar og talsverður töffaraskapur í gangi. Þessir hlutir eru mjög að breytast í smærri bílum í dag og Fiesta er einn þeirra sem hvað best ryður þá braut. Þó efnisnotkun sé ekki af dýrari gerðinni bætir sniðug hönnun og litaval það algerlega upp og frísklegt er að sjá lit í mælaborði sem rímar við lit hans að utan. Svona smár bíll á einmitt að vera frísklegur í litum og alls ekki hafa göfuga og þunga svarta lúxusinnréttingu. Rýmið í bílnum er furðu gott miðað við stærðarflokk og vel fer um framsætisfarþega í þokkalegum sætum. Höfuðrými að aftan skerðist vegna afturhallandi teikningar bílsins og hentar lítt fullorðnum í lengri akstri. Mælaborðið er laglegt og flatt og fyrirkomulagið mikið í ætt við aðra Ford-bíla, en pínu langt er í stjórntækin fyrir miðju mælaborði. Skottrými er með því allra besta í bíl í þessum flokki, eða 290 lítrar.


Innréttingin í Fiesta er frískleg og flott og spilar með ytri lit bílsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GÓÐUR Í AKSTRI**
**Er jafn góður í akstri og stóri bróðir hans, Ford Focus.**

**BEINSKIPTINGIN**
**skortir mjög sjötta gírinn í lengri akstri.**

### Mikill staðalbúnaður og ágætt verð

Staðalbúnaður er góður fyrir ekki dýrari bíl og mörg nýbreytnin, svo sem forritanlegi lykillinn MyKey þar sem takmarka má hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja og annað sem unglingur heimilisins er líklegur til að misnota. Bíllinn er með Start stop-tækni sem eykur á sparneytni hans og bíllinn er nokkuð fljótur að bregðast við þegar lagt er af stað aftur. Allar tengingar eru til staðar, líka Bluetooth-tenging fyrir síma. Brekkuaðstoðin í bílnum er vel þegin en hún heldur bílnum kyrrum í nokkurn tíma þótt kúplingu sé sleppt í brekku, en margir þeir sem aka beinskiptum bílum kvíða engu meir en því að leggja af stað í brattri brekku. Ódýrasta útgáfa Ford Fiesta er á 2.490.000 krónur en í Titanium-útfærslu, mjög vel búinn og flottur með 100 hestafla vélinni er hann kominn í 2.950.000 krónur. Bæði flott kaup og stendur Fiesta vel hvað samkeppni í þessum stærðarflokki varðar. Hætt er við að milljónirnar í seldum Fiesta-bílum haldi áfram að tikka á næstu árum, hann virðist eiga það skilið.



# Leit að glæstum fornbílum

## Er dýrgripur inni í skúr eða skemmu hjá þér?

**Finnur Thorlacius bílablaðamaður og Sigurjón Ragnar ljósmyndari gera nú mikla leit að dýrgripum í flokki fornbíla Íslendinga. Ætlunin er að gera þeim verðug skil í sannkallaðri glæsibók sem kemur út hjá Veröld í haust. Vitað er að í skúrum og skemmum víða um land leynast ýmsir gullmolar frá fyrri tíð, jafnt amerískir kaggar sem evrópskar drossíur.** Eigendur glæstra fornbíla eru eindregið hvattir til að láta vita af sjálfrennireiðum sínum í netfangið fornbilar@verold.is en þær verða myndaðar sérstaklega fyrir bókina við bestu aðstæður.

Þær upplýsingar sem þurfa að koma fram í póstinum eru tegund og undirtegund, árgerð, eigendaskrá, eftir því sem kostur er, ásamt núverandi ástandi. Þá þarf að fylgja með nafn núverandi eiganda og farsímanúmer. Aðeins verða teknir með í bókina fornbílar sem eru í góðu ásigkomulagi.

Samkvæmt lögum eru þær bifreiðar fornbílar sem orðnar eru 25 ára gamlar. Stefnt er að því að myndatökur hefjist um miðjan apríl, svo tíminn til að senda inn upplýsingar er takmarkaður.

Finnur Thorlacius hefur skrifað um bíla og önnur ökutæki um langt árabil, fyrst í Morgunblaðið en síðar hjá Vísi og Fréttablaðinu og reynsluekið fleiri bílum en hann kærir sig um að muna. Sigurjón Ragnar hefur um tveggja áratuga skeið verið afkastamikill ljósmyndari, bæði á Íslandi og erlendis, og myndað fyrirsætur, jafnt sem knattspyrnustjörnur – og bíla.





FÍB mótmælir háu eldsneytisverði.

# Áskorun frá FÍB til eldsneytissala – lækkið bensínið strax!

Þessi áskorun til olíufélaganna barst í lok síðustu viku frá FÍB þar sem bent er á réttlætanlega lækkun eldsneytisverðs.

Undanfarið hefur gengi íslensku krónunnar skánað lítillega og heimsmarkaðsverð á bensíni lækkað um 15%. En meinið er það að hvorki þessi lækkun né sterkara krónugengi er að skila sér til íslenskra neytenda. Meðalálagning og flutningur á bensíni nú í mars er um 42 krónur á lítra. Til samanburðar hefur álagning olíufélaganna og flutningskostnaður á árunum 2010, -11 og -12 verið uppreiknuð til vísitölu dagsins í dag. Útreikningarnir sýna að á núvirði var álagningin um 34 krónur á lítra árið 2012, 33 krónur á lítra 2011 og 32 krónur á lítra 2010.

Eldsneytiskostnaður heimilanna hefur vaxið langt umfram þróun verðlags á undanförnum árum. Vísitölur launa og kaupmáttar hafa ekki haldið í við verðlag frá hruni. Samanburður á verðþróun milli mánaða frá febrúar 2008 til febrúar 2013 eru sláandi. Útsöluverð á bensíni fór úr 137,60 krónum á lítra í 263,50 krónur, sem er hækkun um 125,90 krónur eða 91,5%.

Það er ljóst að olíufélögin geta lækkað bensínið um 10 krónur á lítra bara til að halda í við meðalálagningu síðasta árs. Og hafa skal í huga að það leggst virðisaukaskattur á álagninguna sem hækkar 8 krónur í 10. Olíufélögin eru þessa dagana að bjóða tímabundin tilboð í auglýsingum og SMS-skeytum til fólks. En það skal rækilega áréttað að tímabundið tilboð hjá einu félagi um 7 krónu lækkun í dag til vildarviðskiptavina er hreint ekkert tilboð, heldur einungis nakin auglýsingabrella.

**SKILABOÐIN TIL OLÍUFÉLAGANNA ERU EINFÖLD**
**Sýnið samfélagslegan samhug með almenningi og lækkið bensínið strax!**

FORMÚLA 1 Visir.is




Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bílinn þinn hjá Aðalskoðun. **Nýjasta skoðunarstöðin okkar er að Grjóthálsi 10.** Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

**Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Aðalskoðun

**Reykjavík** Grjóthálsi 10 Sími 590 6940
**Reykjavík** Skeifunni 5 Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
**Reykjanesbær** Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970

**www.adalskodun.is** og **www.adal.is**

# HERBALIFE STYÐUR HÁLFAN JÁRNMANN Í HAFNARFIRÐI

**3SH KYNNIR** *Opnað hefur verið fyrir skráningu á Íslandsmeistaramótið í þríþrautinni Herbalife hálfum járnmanni, sem haldið verður í Hafnarfirði 14. júlí í sumar.*

Íslandsmeistaramótið í hálfum járnmanni er nú haldið í fimmta skipti á vegum 3SH og hefur Herbalife gerst helsti styrktaraðili þessarar stærstu og lengstu þríþrautarkeppni á Íslandi. Það gerir 3SH meðal annars kleift að bæta umgjörð þess til muna og veita peningaverðlaun upp á rúmar 500.000 krónur.

Þátttaka í mótinu hefur farið hraðvaxandi síðustu ár. Þríþrautina þreyttu 50 manns 2011, 100 manns í fyrra og gert er ráð fyrir enn fleiri þátttakendum í ár í ljósi vaxandi vinsælda þrekþrauta af þessu tagi bæði hér heima og erlendis.



**FLEIRI KONUR TAKA ÞÁTT** „Í fyrra voru aðaltíðindin stóraukin þátttaka kvenna,“ segir Hilmar Ingimundarson, stjórnarmaður í 3SH.

„Í fyrra voru aðaltíðindin stóraukin þátttaka kvenna,“ segir Hilmar Ingimundarson, stjórnarmaður í 3SH. „Hátt í 30 konur tóku þátt og stóðu sig vel. Ég tel að þetta sé skýr vitnisburður um vaxandi áhuga fyrir þessari grein. Í fyrra voru líka nokkrir erlendir þríþrautarkappar meðal þátttakenda. Við erum að vona að þeir hafi borið keppninni vel söguna og við megum eiga von á fleiri í sumar.“

Formaður 3SH er Svana Huld Linnet. Hún segir að félagið einbeiti sér að sundi, hjólreiðum og hlaupi. Þessi deild Sundfélags Hafnarfjarðar var stofnuð fyrir þremur árum og er stefna félagsins að hámarka árangur, lífsgæði og vellíðan félagsmanna. 3SH er eitt öflugasta þríþrautarfélag landsins og hafa félagsmenn þess, sem eru um 65 talsins, unnið til fjölda verðlauna. Á árinu 2012 unnu 3SHingar alla Íslandsmeistaratitla í greininni auk þess að eiga þríþrautarkonu og –mann ársins. „Við leggjum áherslu á að félagsmönnum okkar líði vel, fái góða þjálfun og hafi gaman af íþróttinni. Mikil breidd er í hópunum og því eru allir sem hafa áhuga á þríþraut eða bara að æfa í góðum félagsskap velkomnir til okkar“, segir Svana Huld.



**GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR** „Við leggjum áherslu á vellíðan, þjálfun og góðan félagsskap,“ segir Svana Huld Linnet, formaður 3SH.

## HALDIÐ Í FIMMTA SKIPTI

***Íslandsmeistaramótið í hálfum járnmanni er nú haldið í fimmta skipti á vegum 3SH. Þetta er stærsta og lengsta þríþrautakeppni á Íslandi. Herbalife er helsti styrktaraðili keppninnar.***

## VERÐLAUNAFÉ 2.400 EVRUR

*Það er til mikils að vinna.*

Keppnin í ár hefst klukkan níu þann 14. júlí næstkomandi í Ásvallarlaug í Hafnarfirði þar sem syntir verða 1.900 metrar. Þá verða hjólaðir 90 kílómetrar á Krýsuvíkurvegi og loks hlaupið hálft maraþon, 21,1 kílómetri, í fögru umhverfi Hafnarfjarðar. Keppt verður í tveimur aldursflokkum, 18 til 39 ára og 40 ára og eldri. Veitt verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í karla- og kvennaflokki.

Boðið er upp á liðakeppni þar sem hámarksfjöldi í hverju liði er þrír einstaklingar. Liðin geta verið blönduð og ekki verður um aldursflokkaskiptingu að ræða. Verðlaun verða veitt fyrir efsta sætið í liðakeppninni.

**Verðlaunaféð er í heildina 2.400 evrur og mun það skiptast á eftirfarandi hátt:**

**1.sæti KK/KVK: 600 EUR (104 þúsund krónur);**
**2.sæti KK/KVK: 360 EUR (62 þúsund krónur);**
**3.sæti KK/KVK: 240 EUR (41 þúsund krónur).**
**Tölur í svigum eru miðaðar við gengið 19. febrúar 2013.**

**Skráning í HERBALIFE hálfan járnmann 2013 er hafin á heimasíðu 3SH www.3sh.is.**



**HUNDRAÐ KEPPENDUR Í FYRRA** Keppendur í hálfum járnmanni í Hafnarfirði voru eitt hundrað í fyrra, þar á meðal nokkrir erlendir þríþrautarkappar. Borre Gjersvik er Norðurlandafulltrúi Herbalife.

## HÁLFUR JÁRNMAÐUR REYNIR MIKIÐ Á ÍÞRÓTTAMANNINN

*Herbalife24 vörulínan er sérstaklega ætluð virkum íþróttamönnum sem þurfa fjölbreytta næringu til að standast stífar æfingaáætlanir.*

„Hálfur járnmaður reynir mikið á íþróttamanninn þótt hann sé í fínu formi,“ segir Borre Gjersvik, Norðurlandafulltrúi Herbalife. „Þess vegna hæfir þríþrautin vel því sem Herbalife stendur fyrir. Við munum stuðla að góðum árangri með því að gefa öllum keppendum kost á úrvali af Herbalife-vörum úr vörulínunni Herbalife 24 sport, meðal annars Prolong og Hydrate.“

Herbalife24 byggir á nýjustu staðreyndum í vísindum og hver framleiðsluvara er rýnd af óháðum aðila til þess að fyrirbyggja bönnuð efni.

Prolong er tvívirk kolvetnisblanda sem er orkustyrkjandi í bráð og lengd en Hydrate byggir á hitaeiningasnauðum lífrænum söltum sem gerð eru fyrir vökvagjöf við mikla áreynslu.

## NÁNARI UPPLÝSINGAR

***Allar nánari upplýsingar um Íslandsmeistaramótið í hálfum járnmanni er að finna á heimasíðu 3SH, www.3sh.is.***

## HERBALIFE STYRKIR ÍÞRÓTTAVIÐBURÐI

**Hefur þróað vörulínu sem er sérstaklega ætluð íþróttamönnum.**

**ÖFLUGUR STYRKTARAÐILI**

**Herbalife er styrktaraðili meira en 150 heimsíþróttamanna, íþróttaliða og íþróttaviðburða, m.a. knattspyrnuliðanna LA Galaxy og FC Barcelona, auk verðlaunahafa í 15 öðrum íþróttagreinum.**
**Fyrirtækið hefur meðal annars þróað vörulínu, Herbalife24, fyrir virka íþróttamenn sem þurfa á sérstakri og fjölbreyttri næringu að halda til þess að standast stífar æfingaáætlanir.**




**SÉRSTAKLEGA FYRIR ÍÞRÓTTAMENN** Herbalife24 er vörulína fyrir virka íþróttamenn sem þurfa á sérstakri og fjölbreyttri næringu að halda til þess að standast stífar æfingaáætlanir.

## HERBALIFE Í 85 LÖNDUM

**Þyngdarstjórnunar-, næringar- og snyrtivörur.**

**STUÐLAR AÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL**

**HERBALIFE (NYSE-HLF) er alþjóðlegt næringarfyrirtæki sem selur þyngdarstjórnunar-, næringar- og snyrtivörur sem stuðla eiga að heilbrigðum lífsstíl.**
**Herbalife-vörur eru seldar í 85 löndum af söluneti sjálfstæðra dreifingaraðila. Fyrirtækið styrkir Fjölskyldustofnun Herbalife og Casa Herbalife áætlun hennar sem miðar að því að tryggja börnum góða næringu.**
**Vefsíða Herbalife, http://ir.Herbalife.com, hefur að geyma miklar upplýsingar um fyrirtækið, m.a. um fjárhagsmál og annað sem gagnast fjárfestum.**



## BÍLAR & FARARTÆKI


**bilfang.is** S. 567 2000



**TAKIÐ EFTIR !**

Range Rover Sport 4.4 SE 05/2006 ek. 110 þ.km , Leður , 18" felgur ofl ofl Nú á AÐEINS 3790 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**



ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex luxury 2,2 197hö. Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.990381.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2010, ekinn 57 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.140212.



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2008, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.990379.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**



bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**








100bílar.is bílasala



NÝ COLEMAN SEDONA 8 FET, Ný fellihýsi, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á ótrúlegu verði aðeins 1.399.000kr, Komdu og skoðaðu

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**


### Bílar til sölu

**MERCEDES BENZ 508D**

Getum útvegað nokkra öryðgaða og nánast ónotaða bíla árg. 1987 á undir 2,0 millj. kr. Uppl. í síma 587-5058. Bílahlutir ehf

**ISTOBAL**

Til sölu 2ja pósta Istobal lyfta 2,5 tonn. Er í góðu lagi. Skoðuð. Verð 200 þús. Uppl. í s. 666 6555.

### 0-250 þús.



**TILBOÐ 250ÞÚS.**

Peugeot 306, árg.2000, ek. 160þús, skoðaður 14, ný kúpling ný tímareim, 5 dyra og 5 gíra. Verð 250þús S. 891 9847



**ÚTSALA 195ÞÚS !**

Opel Astra árg. ,00 ek. 200þús 5 gíra sk.'14. Tilboð 195þús. Uppl. s. 891 9847.

### 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR - NÝ SKOÐAÐUR!**

Citroen Xsara Picasso árg.'04, ek. 190þús. km, sjálfskiptur, ný skoðaður, ný yfirfarinn á verkstæði, eyðsla 8.6L/100km, mjög rúmgóður og þægilegur bíll, ásett verð 680þús. Tilboðsverð aðeins 430þús., möguleiki á 100% visa/euro láni. uppl. í s:659-9696.



**SSK-GULLMOLI-EK.64 ÞÚS**

DAIHATSU GRAND MOVE WAGON ,99 ek.aðeins 64 þús., sjalfskiptur, nýtt í bremsum, ný nagladekk,fjarstart, lýtur vel út, verð 380 þús. möguleiki á 100%visa/euro s.841 8955.

### Bílar óskast

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**

Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777-3077.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**0-250 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**0-200 Í PENING STRAX!**

óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús. stgr., helst ekki eldri en ,98 fólksbíl,smábíl eða jeppling skoða allt! má þarfnast lagfæringa, er með pening og pappíra klára og get gengið frá því strax ef mér líst á S. 691 9374.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hópferðabílar



Benz Sprinter 318, sjsk, 14sæta. árg.2007. Ek. 40þ. Verð 7.5m. Uppl. S.777 0089.

### Fjórhjól



Yamaha Grizzly 700 ,08. Ek. 11 þús. 27" Big Horne. Vökvastýri. Kassi með aukasæti. Einn eigandi og góð þjónusta. Aukastuðarar. Verð: 890 þús. Engin skipti. Uppl: Tómas 895 9974.

### Bátar

Standveiðibátur m/öllu. Fylgir: Ehf. Kt. og tvær rúllur. Verð 3.490 þús. Uppl. í s. 618 3074 og 840 3011.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

**STIGAGANGAHREINSUN.IS**

Teppahreinsun, veggjahreinsn, bónvinna. Pawel S. 842 6522.

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

### Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989

Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Geri Gagn ehf
í garðverkum
S. 897 9724

### Bókhald

rekstur & skattskil
þarftu aðstoð?
BÓKHALD, LAUN, VSK
OG SKATTFRAMTALSGERÐ.
Rekstur og skattskil sf. Suðurlandsbraut 16
S. 587 7600 • 860 9900
jon@rekstur-skattskil.is

**SKATTFRAMTÖL EINSTAKLINGA Á AÐEINS 3000.-KR.**

Gaius bókhaldsþjónusta, s 892 5784.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald







### Tölvur

ÓDÝRAR
TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

### Nudd

Klassískt slökunarnudd rvk 101, s: 8416795 Júlija.

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

### Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@ gmail.com

### Önnur þjónusta



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Þunnu mjúku peysurnar komnar í sumarlitum í stærðum frá Small - 3X Ný sending af flottum slæðum í sumarlitum, sími 695 6679 www. beautyinblack.is

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150



**ÚTSÖLUMARKAÐUR**

**GREEN-HOUSE/CAPRI COLLECTION**

Fallegar vörur og fjögur verð. 1.000,3.000,5.000 og 10.000. Alltaf bætist nýtt við. Opið í dag 13-19 ATH: Breytt heimilisfang Langholtsvegur 112B

**ALHLIÐA ÞJÓNUSTA - ÞÝÐINGAR**

Tek að mér hvers konar þýðingar úr norðurlandamálum og/eða þýðingar yfir á norðurlandamál (Norsku, Dönsku, Sænsku og einnig Ensku) - ferilskrár, útboð, tilboð, aðstoð við löggildingar, atvinnuumsóknir m.m. Hafið samband í síma 659 8519

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, örbylgjuofnar á 5Þ, hjólastóll, borðtölva. S. 896 8568.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Hljóðfæri



**NÝR - VERÐ: 150.000,- KR**

Gibson SG ,70s tribute rafmagnsgítar til sölu. Hann er með mini humbuckers pickupum. Serial nr.118020349. Fyrir áhugasama hafið samband í síma 772 3838 Gunnar.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS

ELSKENDUR.IS

FLESHLIGHT.IS

BATHMATE.IS

849-0698

ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í S. 841-7010. hamir@simnet.is.

# HÚSNÆÐI

## Sumarbústaðir



**NÝTT HÚS Í HÚSAFELLI**

Heilsárshús á eignarlóð til sölu, með manngengu risi samtals 90fm. Verður til sýnis alla næstu daga frá og með deginum í dag. sími : 893 1335.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR**

Til leigu tvö 23 m2 herbergi í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. S. 898 7820.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

eld HÚSIÐ

**STÖRF Í FRAMLEIÐSLUELDHÚSI**

Framleiðslustarfskraftur - undirbúningur rétta og pökkun:

- Aðstoð í eldhúsi

- Með reynslu af eldhússtörfum

- Getur unnið sjálfstætt

- Nákvæm vinnubrögð

- Íslensku/enskukunnátta kostur

- Hröð vinnubrögð

**Uppvaskari:**

- Með reynslu

- Hröð vinnubrögð

- Getur gengið í önnur störf

- Hefur umsjón með uppvaski og almennum þrifum á húsnæðinu og hjálpar til við lokaþrif eldhússins.

**Nánari uppl. veitir Sigurrós Pálsdóttir Deildarstjóri framleiðslueldhúss Kaupáss Gsm: 822-7012, netfang: sigurros@kaupas.is**

Hressingarskálinn leitar að starfsfólki með reynslu í eldhús, vinsamlegast sendið ferilskrá á glennmoyle@gmail. com.

Guesthouse one hour drive from Reykjavík requesting employee for reception work and housekeeping. Applicant must be well organized, disciplined and good at communication. Work plan for every month is to work for two weeks and vacation for two weeks. Driving license is desirable. Please send yours application to: greatnorth@simnet.is

Hressingarskálinn is looking for experienced kitchen staff, please send your CV to glennmoyle@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri

Stefnumót: 905-2000 • 535-9920

Konur, allt frítt í s. 555-4321

Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynlsögur

905-2002 • 535-9930

Símadömur • live spjall

908-6000 • 535-9999

## fasteignir



# Birkigrund – raðhús

**200 Kópavogur**



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Um 262 fm raðhús með sérstæðum bílskúr. Góðar stofur, 2 baðherbergi og sauna, eldhús.
5 góð svefnherbergi, hægt að hafa fleirri. Möguleiki á sér íbúð í kjallara.
Góð staðsetning og stutt í skóla.

Verð: **49,8 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**MIKLABORG** leitar að ...

**2-3ja herbergja í Sóltúni – Mánatúni**

Fyrir aðila sem búin er að selja sína eign Nýleg íbúð á öðrum stöðum í póstnúmerum 101,104 og 105 kemur einnig til greina

Nánari upplýsingar veitur Svan Gunnar Guðlaugsson



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is



**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




## fasteignir

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**

Frá 1957

Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Hraunbær - Árbær 3ja herb.

Erum með traustan kaupanda að þriggja herbergja íbúð á hæð við Hraunbæ eða í Árbæjarhverfi.

**Upplýsingar gefa Sverrir Kristinsson eða Þórarinn lögg. Fasteignasalar.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

**EIGNABORG FASTEIGNASALA** ☎ 564 1500

30 ára

Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.

## Birkigrund 49 Kópavogi

**Opið hús þriðjudaginn 19. mars frá kl. 17:00 til kl. 17:30**




**Eignaborg er með í einkasölu glæsilegt einbýlishús á hornlóð við Birkigrund í Kópavogi.** Að innan hefur allt verið endurnýjað á síðustu árum, allar innréttingar í húsinu, skápar, innihurðir, baðherbergi og eldhús og gólfefni. 6 svefnherbergi. Húsið er alls 286 m2 þar af er bílskúr 32,1m2. Stórt, upphitað bílastæði er framan við húsið. Nýlegt ján á þaki. Lóð snýr að mestu í suður og þar er stór trépallur.
**Allar nánari upplýsingar veitir Fasteignasalan Eignaborg. sf.**

**HÚSIN Í BORGINNI FASTEIGNASALA**



**Telma Róbertsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
telma@husin.is



**Ólafur Sævarsson**
S. 820-0303
oli@husin.is

## BOÐAÞING 4

**Opið hús þriðjud, 19. mars frá kl 17:00-17:30**




Stórglæsileg ca 145 fm, 3ja herbergja penthouse íbúð á 5. hæð með stórum suðursvölum. Fullbúin með fallegum innréttingum sem og tækjum. Góð lofthæð. 2 stæði í bílageymslu. **Óskað er eftir tilboðum.**

## BOÐAÞING 2

**Opið hús þriðjud, 19. mars frá kl 18:00-18:30**




Falleg ca 145 fm, 4ra herbergja íbúð á 2 hæð, með suðursvölum. Fullbúin með fallegum innréttingum. Stæði í bílageymslu. **Verð: 36.9 m.**

***ATH , SÍÐASTA EIGNIN Í ÞESSU FALLEGA FJÖLBÝLI***

**Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • sími 511 5005 • www.husin.is**

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,



**INGA LILLÝ BJARNADÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 7. mars. Jarðsungið verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 25. mars kl. 15.00.

**Jón Bjarni Þorsteinsson · Guðrún Björt Yngvadóttir**
**Sigurður Þorsteinsson · Ingibjörg Eiríksdóttir**
**Anton Pjétur Þorsteinsson · Sigríður Hauksdóttir**
**börn og barnabörn.**

---

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,



**ANNA PÁLA SVEINSDÓTTIR**

lést mánudaginn 11. mars 2013.
Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju 22. mars 2013 kl. 15.00.

**Sigrún Reilly · Dermot Reilly**
**Guðbjörg Vignisdóttir · Kristján Ármannsson**
**Arnbjörg Vignisdóttir · Sigmundur Brynjar Sigurgeirsson**
**Guðrún Vignisdóttir · Ásmundur Jónasson**
**Anna Pála Vignisdóttir · Páll Loftsson**
**Þóra Jóna Jónatansdóttir**
**og barnabörn.**

---

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,



**ODDFRÍÐAR LILJU HARÐARDÓTTUR**
**hjúkrunarkonu.**

Sérstakar þakkir fá hollsystur Lilju fyrir alúð og fallega vináttu.

**Þórður Guðmannsson**
**Hörður J. Oddfríðarson · Guðrún Björk Birgisdóttir**
**Arnar Oddfríðarson · Berglind Rós Davíðsdóttir**
**barnabörn, bræður og mágkonur hinnar látnu.**

---

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,



**MAGNÚS S. MAGNÚSSON**
**Lækjasmára 8, Kópavogi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð/Vífilsstöðum fimmtudaginn 14. mars. Jarðsungið verður frá Garðakirkju mánudaginn 25. mars kl. 15.00.

**Guðbjörg María Gunnarsdóttir**
**Gunnar H. Magnússon · Elísabet Eyjólfsdóttir**
**Jón H. Magnússon**
**Magnús H. Magnússon · Sissel S. Magnússon**
**afa- og langafabörn.**

---

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,



**GUÐBJÖRG LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**DÚDDÝ**
**Kleppsvegi 2, Reykjavík,**

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk við Suðurlandsbraut fimmtudaginn 14. mars verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Bragi Guðmundur Kristjánsson · Erna Eiríksdóttir**
**María Anna Kristjánsdóttir · Jesús S.H. Potenciano**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,



**ÞORVARÐUR G. HARALDSSON**
**dúklagninga- og veggfóðrarameistari,**
**Grenilundi 4, Garðabæ,**

andaðist á líknardeild Landspítalans föstudaginn 15. mars. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 27. mars kl. 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans og hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu Karitas.

**Svanhildur Árnadóttir**
**Arnar Smári Þorvarðarson · Kristín H. Thorarensen**
**Sævar Freyr Þorvarðarson · Guðríður Ingunn Kristjánsdóttir**
**Elínbjörg Katrín Þorvarðardóttir · Hinrik R. Haraldsson**
**S. Kristín Þorvarðardóttir**
**H. Árni Þorvarðarson · Harpa Dögg Vífilsdóttir**
**og barnabörn.**

---

Systir okkar,



**UNNUR TORFADÓTTIR**
**frá Eysteinseyri, Tálknafirði,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði þann 13. mars sl. Útförin fer fram frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 23. mars nk. kl. 14.00.

**Systkini hinnar látnu**

---

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,



**SVAVAR GUÐNI GUNNARSSON**
**Víðilundi 20, Akureyri,**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. mars kl 13.30.

**Sigurður Svavarsson · Alice Liu**
**Gunnar Þór Svavarsson · Steinunn Zebitz**
**Kristlaug Þórhildur Svavarsdóttir · Hjörleifur Hjálmarsson**
**Ari Svavarsson · Ágústa G Malmquist**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Yndislega litla dóttir okkar og barnabarn,



**LILJA DÓRA ÁSTÞÓRSDÓTTIR**
**Fjósatungu, Þingeyjarsveit,**

lést föstudaginn 15. mars.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Svana Ósk Rúnarsdóttir · Ástþór Örn Árnason**
**Elín Sigurlaug Árnadóttir · Rúnar Jónsson**
**Kristín Linda Jónsdóttir · Sigurður Árni Snorrason**

---

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,



**STEINGRÍMUR INGÓLFSSON**
**áður til heimilis að Laugarnesvegi 94,**

lést þann 12. mars á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, föstudaginn 22. mars, kl. 13.00.

**Helga Jóhannesdóttir**
**Jóhannes Steingrímsson · Rannveig B. Ragnarsdóttir**
**Ingólfur Steingrímsson · Guðrún Erna Þórhallsdóttir**
**og barnabörn.**

---

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og frændi,



**ÓLAFUR H. ÓLAFSSON**
**matreiðslumeistari,**
**Suðurbraut 6, Hafnarfirði,**

lést í faðmi fjölskyldunnar sunnudaginn 10. mars á LSH Kópavogi. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 20. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás styrktarfélag.

**Jakobína Cronin**
**Sigríður Oddný Oddsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir · Benedikt Sigurvinsson**
**Sandra Björk, Elísa Björg, Ólafía Björt,**
**Jakobína Zíta og Zíta Kolbrún Benediktsdætur**
**Sverrir Oddur Gunnarsson**
**Guðrún Gunnarsdóttir · Gústaf Adolf Björnsson og fjölsk.**
**Valgerður J. Gunnarsdóttir · Stefán Snær Konráðsson og fjölsk.**

---

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, systir, mágkona og frænka,



**BERGLIND VALDIMARSDÓTTIR**
**Rósarima 5,**

verður jarðsungin miðvikudaginn 20. mars frá Grafarvogskirkju kl. 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning fyrir börn hennar, kt. 270887-2609, rknr. 0114-05-065183.

**Sara Sigurjónsdóttir · Helgi Már Veigarsson**
**Sindri Sigurjónsson**
**Sölvi Sigurjónsson · Arnhildur Karlsdóttir**
**Hilmar Breki Helgason**
**Kolbrún J Kristjánsdóttir**
**Valdimar Ásgeirsson**
**Kristján Gunnar Valdimarsson**
**Valdimar Agnar Valdimarsson · Helga Rúna Péturs**
**Sigurborg Valdimarsdóttir · Jón Ólafsson**
**Ásgeir Valdimarsson · Hulda Jeremíasdóttir**
**og systkinabörn.**

---



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK** *Býður gesti og gangandi velkomna á fyrirlestradag sem haldinn verður á morgun.*

# 36 halda fyrirlestur

## Það kennir ýmissa grasa á fyrirlestramaraþoni HR sem haldið verður á morgun.

Fyrirlestramaraþon Háskólans í Reykjavík verður haldið á morgun. „Þetta er í fjórða sinn sem við höldum fyrirlestramaraþon en á því eru stutt erindi sem spanna allt sviðið hjá okkur; verkfræði, sálfræði, tölvunarfræði og þar fram eftir götunum," segir Guðbjörg Guðmundsdóttir hjá markaðs- og samskiptasviði skólans. Maraþonið hefst korter yfir tíu og lýkur klukkan hálffimm síðdegis. Á þeim tíma stíga 36 fyrirlesarar á stokk og tímamörkin eru ströng, hvert erindi má ekki vera lengra en 6 mínútur. Meðal þess sem fjallað verður um eru bandarísk áhrif í íslenska réttarkerfinu, sem Sigurður Tómas Magnússon ræðir um, og hugarþjálfun í íþróttum, sem Hafrún Kristjánsdóttir segir frá. Einnig segir Haukur Freyr Gylfason frá rannsóknum á því hversu líkleg karlar og konur eru til að ljúga.

„Við hugsum þennan dag sem gott tækifæri fyrir áhugasama til þess að kynnast rannsóknum sem hér fara fram," segir Guðbjörg.

sigridur@frettabladid.is

---

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og vináttu við andlát okkar kæru frænku,



**ÁSGERÐAR JÓNSDÓTTUR**
**frá Gautlöndum.**

**Systkinabörn og fjölskyldur**

---

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns,



**GÍSLA HAFLIÐASONAR**
**vélstjóra,**
**Sóltúni 28, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunardeildar H1 á Hrafnistu.

**Þórunn Sigríður Guðmundsdóttir og fjölskylda**

---

Elskuleg móðir okkar,



**HRAFNHILDUR ÞORVALDSDÓTTIR**
**Bólstaðarhlíð 68, Reykjavík,**

lést á Hrafnistu þann 26. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Arna Þorvalds**
**Vala Valdimarsdóttir**

---

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,



**GUÐMUNDUR TÓMAS MAGNÚSSON**
**læknir,**
**Strikinu 2, Garðabæ,**

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 21. mars kl. 15.00.

**Alfa Eyrún Ragnarsdóttir**
**Jón Tómas Guðmundsson · Linghao Yi**
**Magnús Ragnar Guðmundsson · Kristjana Kristinsdóttir**
**Halldór Elías Guðmundsson · Jenný Brynjarsdóttir**
**Guðrún Laufey Guðmundsdóttir · Þórir Benediktsson**
**Eva Magnúsdóttir · Tinna Magnúsdóttir**
**Guðmundur Tómas Magnússon · Jón Baldvin Magnússon**
**Anna Laufey Halldórsdóttir · Tómas Ingi Halldórsson**
**Benedikt Þórisson · Bjartur Þórisson**

# YFIR 100 GERÐIR AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM

ASUS nexus 7



## BROT AF ÞVÍ BESTA Í EINNI SPJALDTÖLVU !

Það er ekkert lát á vinsældum Nexus 7. Ástæðan er einföld. Google og Asus tóku höndum saman um að sameina það besta í einni spjaldtölvu. Hún er eins meðfærileg eins og spjaldtölvur gerast, aðeins 340 grömm. Hún er sérstaklega hraðvirk með Tegra 3 Quad Core örgjörva og GeForce Tegra 3 skjákorti. Skjárinn er kristaltær með IPS+ og rispuþolinn með Corning Glass. Nýjasta Android Jelly Bean stýrikerfið. Allt að 10 tíma rafhlöðuending. Nóg pláss með 32GB innbyggðu Flash minni. Valin spjaldtölva ársins 2012 af tæknitímaritinu T3.

T3 Awards 2012

32GB

**54.990**

MEÐ 3G KR 69.990

---

### VINSÆLASTA SPJALDTÖLVAN OKKAR

UNITED



UNITED TAB1012 BK

10" spjaldtölva á ótrúlegu verði með Android 4.0 og Google Play. 5 punkta snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn. 4GB minni sem hægt er að stækka um 32GB með micro SD.

**19.990**

---

### FERMINGAR-TÖLVAN Í ÁR



TOSHIBA

TOS SAT C850-1GL

15,6" með Intel Dual Core Core örgjörva, 4GB vinnsluminni og 320GB hörðum diski. HDMI og USB3. Windows 8.

**79.990**

---

### INTEL PENTIUM

TOSHIBA



15,6"

TOS SAT C855-1U8

15,6" með 6 GB vinnsluminni og 640GB diski. Mjög flottur rauður litur og sterkbyggð umgjörð fyrir mikla daglega notkun.

**109.990**

---

### INTEL i5



Flott 15,6" fartölva með sprækum Intel Core i5 örgjörva, 6GB vinnsluminni og 750 GB stórum hörðum diski.

TOSHIBA

TOS SAT C855-24V

**139.990**

---

### NÝJASTA KYNSLÓÐ i7

15,6"

TOSHIBA



TOS SAT L850-1VF

Fjögurra kjarna Intel i7 með 6GB vinnsluminni og 500 GB hörðum diski. Mjög hröð vinnsla og gott verð fyrir i7.

**149.990**

---

## PÁSKA LEIKUR

3 TOSHIBA FARTÖLVUR OG 100 PÁSKAEGG AF STÆRSTU GERÐ FRÁ NÓA SÍRÍUS Í VINNING !





tl.is

## WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

PROMENNT

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.





TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
2. tungl, 6. klafi, 8. laug, 9. háð, 11. tveir eins, 12. gnótt, 14. högni, 16. tveir eins, 17. ar, 18. bjálki, 20. skst., 21. ættgöfgi.

**LÓÐRÉTT**
1. nef, 3. í röð, 4. þarfsemd, 5. svelg, 7. æxlunarfæri, 10. haf, 13. sægur, 15. snafs, 16. frændbálkur, 19. persónufornafn.

**LAUSN**
LÁRÉTT: 2. máni, 6. ok, 8. bað, 9. gys, 11. uu, 12. gnægð, 14. fress, 16. ææ, 17. ryk, 18. tré, 20. no, 21. tign.
LÓÐRÉTT: 1. gogg, 3. áb, 4. nauðsyn, 5. iðu, 7. kynfæri, 10. sær, 13. ger, 15. skot, 16. ætt, 19. ég.

NÝ SENDING AF VORVÖRUM!
Allt fyrir sumarfríið og fermingarnar.
50% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM.
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

AQUACLEAN ÁKLÆÐI KYNNINGARAFSLÁTTUR
AquaClean áklæði er sérstaklega auðvelt að hreinsa aðeins með vatni!
NÝTT
Torino
Tungusófar - Sófasett - Hornsófar
NÝTT
Mósel
Sófasett - Hornsófar - Tungusófar
Basel
Hornsófar - Tungusófar - Sófasett
TILBOÐSVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR af völdum vörum og sýningareintökum
Borðstofustólar frá 4.900 kr
Heilsukoddar 2.900 kr
Borðstofuborð frá 40.000
Höfðagaflar frá 5.000
Sjónvarpsskápar frá 25.000
Rúm 153cm frá 157.000
Púðar frá 2.900
Fjarstýringavasar frá 2.500
Hægindastólar frá 99.000
Tungusófar frá 75.400
Hornsófar frá 119.450
Sófasett frá 99.900
Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað
Patti HÚSGÖGN
Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að…
börn eiga rétt að að leika sér

# Það sem er bannað

**BAKPANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið, það er alltaf að skamma mann.“ Þessi lína er oft sungin af frumburðinum á heimilinu þessa dagana, ásamt öðrum stórskemmtilegum línum úr Laginu um það sem er bannað. „Það má ekki pissa bak við hurð“ og „Það má ekki hjóla inní búð“ eru einnig vinsælar línur úr textanum og vafalaust eitthvað sem mín kona hefur íhugað að prófa einhvern tímann á sinni fimm ára ævi.

**ÞESSI** texti hittir einmitt beint í mark núna þegar snemmbúið gelgjuskeið er að læðast að stúlkunni og hún er að uppgötva sig sem sjálfstæða mannveru. Við foreldrarnir erum eins og biluð plata með orðið „ekki“ fast á tungunni daginn út og inn. Ekki hlaupa á bílastæðinu. Ekki drekka gos. Ekki fikta í fjarstýringunni. Ekki suða í búðinni. Það er skemmst frá því að segja að allt ofangreint hefur hún prófað þrátt fyrir boð og bönn. Sem er eðlilegt enda tilheyrir tilraunastarfsemi þessu þroskastigi eins og svo mörgum öðrum á lífsleiðinni.

**RÉTT** eins og nánast öll þjóðin hef ég fylgst með fréttaflutningi af kynferðisbrotum gegn börnum undanfarnar vikur og mánuði. Fjölmiðlar hafa flett ofan af hverju málinu á fætur öðru og almenningur hefur furðað sig á því hvernig stendur á því að enginn kom börnum til bjargar fyrr. Full viðbjóðs hef ég neytt mig til að lesa hrottafengnar lýsingar fórnarlamba á ofbeldinu. Maður byrjar að tengja sögurnar við þá sem standa manni næst og hugsa hvernig í ósköpunum hægt sé að koma í veg fyrir að svona lagað komi fyrir.

**FORELDRAHLUTVERKIÐ** er jafn flókið og það er skemmtilegt. Ástæðan fyrir því að við erum að ávíta börnin okkar er vegna þess að við erum hrædd um þau. Nú fer að renna upp sá tími á mínum fimm ára ferli í móðurhlutverkinu að ég get ekki fylgt barninu hvert fótspor. Grunnskólatímabilið er handan við hornið með sínum útileikjum og bekkjarferðum fjarri verndarvæng foreldranna. Hvernig í ósköpunum á ég að greina henni frá hættunum án þess að beinlínis hræða hana? Hvernig get ég bannað henni að tala við ókunnuga án þess að gera hana að barni sem felur sig í pilsfaldinum ef á hana er yrt? Og ef ég segi „ekki tala við ókunnuga“, verður það ekki sama sagan og með hin boðin og bönnin, hún verður að prófa?

**TEXTINN** í ofangreindu lagi er ákveðið skot á okkur fullorðna fólkið sem reynum að feta okkur áfram í foreldrahlutverkinu sem engin uppskrift er að. Við missum okkur í að banna hluti sem skipta litlu máli í stóra samhenginu en eigum svo í vandræðum þegar mikið liggur við. Þetta er fín lína á milli þess að banna það sem banna skal og þess að eyða ekki púðri í hið léttvæga.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Mikilvægt að æfast í að koma fram á sviði

**Söngnemendur Tónlistarskólans í Kópavogi flytja Venus og Adónis eftir John Blow í Salnum ásamt kammersveit skólans og nemendum úr Ballettskóla S.Á.**

Þessir söngvarar eru búnir að vera í námi hjá mér frá einu ári og upp í fimm ár,“ segir Anna Júlíana Sveinsdóttir, söngkennari við söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs sem ásamt Krystynu Cortes setur upp óperuna Venus og Adónis eftir John Blow í Salnum í Kópavogi í kvöld og annað kvöld. Þetta er fastur liður í dagskrá skólans og hefur verið síðan 1993 þegar verkið Hans og Gréta eftir Engilbert Humperdinck var sett á svið. „Við höfum sett upp allt frá styttri nútímaóperum upp í Carmen og Töfraflautuna og allt í óstyttum útgáfum,“ segir Anna Júlíana. „Ég tel það vera mjög mikilvægt fyrir nemendurna að æfast ekki bara í að syngja heldur líka í að koma fram á sviði.“

Sýningin á Venus og Adónis er viðamikil og auk söngvaranna taka kammersveit skipuð nemendum skólans og nemendur úr Ballettskóla Sigríðar Ármann undir stjórn Ástu Björnsdóttur ballettmeistara, sem einnig semur tvo dansa, þátt. Kammersveitin nýtur liðsinnis Ásdísar Runólfsdóttur víóluleikara og Krystynu Cortes semballeikara, sem stjórnar hljómsveitinni.

Anna Júlíana segir tónskáldið John Blow, sem uppi var á seinni hluta sautjándu aldar, tiltölulega lítið þekktan hérlendis, en að hann hafi haft mikil áhrif á tónskáld eins og Henry Purcell sem síðan hafi haft áhrif á Benjamin Britten.

Er þetta ekki óskaplega mikil vinna fyrir tvær sýningar? „Jú, þetta er mikil vinna en líka mjög skemmtileg,“ segir Anna Júlíana. „Strax í ágúst er ég búin að velja verkefnið fyrir þau þannig að þau fá að vaxa með hlutverkinu. Það er reyndar höfuðverkur á hverju hausti að velja óperu fyrir hópinn því það verður auðvitað að taka mið af því hvaða nemendur eru í skólanum hverju sinni.“

Texti óperunnar byggir á goðsögunni um ástargyðjuna Venus sem verður ástfangin af mennskum manni, Adónis, og kemur til jarðar til að eltast við hann. Venus er sungin af Bryndísi Guðjónsdóttur, Adónis syngur Kristófer Kvaran og ástarguðinn Amor, sonur Venusar, er sunginn af Tinnu Jóhönnu Magnusson. Sýningin hefst klukkan 20 bæði kvöldin.



**AMOR SKÝTUR** Ástarguðinn Amor, sunginn af Tinnu Jóhönnu Magnusson, kennir ástarenglunum að skjóta ástarörvum.

> **Við höfum sett upp allt frá styttri nútímaóperum upp í Carmen og Töfraflautuna og allt í óstyttum útgáfum.**

fridrikab@frettabladid.is


# Evrópusamvinna
**frá sjónarhóli Norðurlandanna**

## Afstaða Norðmanna til ESB



Lise Rye, sérfræðingur í evrópskri samtímasögu og einn af höfundum umtalaðrar skýrslu um kosti og galla EES-samningsins fyrir Noreg, fjallar um ástæðurnar fyrir andstöðu almennings í Noregi við aðild að Evrópusambandinu.

## Opinn fundur á Hótel KEA
**miðvikudaginn 20. mars, kl. 12-13:30**

Súpa verður seld á staðnum gegn vægu gjaldi.

**Fundurinn er sá þriðji í fundaröð Norrænu upplýsingaskrifstofunnar, Norræna félagsins og Evrópustofu, í samstarfi við sendiráð hinna norrænu landa. Þar er fjallað um mál sem eru ofarlega á baugi í Evrópuumræðunni.**

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB · NORSKA SENDIRÁÐIÐ · norden Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri



## Vinsælasti bíll heims í nýrri útfærslu
## FORD **FOCUS** TREND EDITION

Ford Focus, söluhæsti bíll í heimi árið 2012,* er nú fáanlegur í nýrri útfærslu. 16" álfelgur eru undir bílnum og sérstakt Trend Edition áklæði á sætum. Loftkæling, öflug aksturstölva, regnskynjari í framrúðu og blátannarbúnaður eru einnig til staðar. Til viðbótar hefur verið hugað að fjölmörgum praktískum atriðum, svo sem sjálfvirkri dimmingu á baksýnisspegli og sniðugri hurðavörn. Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér vinsælasta bíl heims árið 2012.

**FORD FOCUS TREND EDITION 5 DYRA FRÁ 3.490.000 KR.**
**FORD FOCUS TREND EDITION STATION FRÁ 3.640.000 KR.**



FORD **FOCUS**
TREND EDITION
FRÁ
**29.198 KR./MÁN**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Focus Trend Edition 5 dyra, 1,0 EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.750.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.
*Ford Focus er söluhæsti bíll í heimi árið 2012 miðað við þær staðfestu sölutölur sem liggja fyrir (jan-sept).

# Tónskáldið og listmálarinn takast á

Litróf og hljómhvörf nefnist myndlistarsýning Hafliða Hallgrímssonar tónskálds í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Þar sýnir hann meðal annars skissur sem hann hefur gert með Ipad og ef einhver vill panta eftir þeim þá prentar hann þær út.

„Tónskáldið hefur alltaf setið fyrir en þegar það gefur leyfi þá fær málarinn aðeins komast að,“ segir Hafliði Hallgrímsson tónskáld, sem opnaði nýlega listsýningu í Studio Stafni. Hún nefnist Litróf og hljómhvörf og er afrakstur hugmyndavinnu Hafliða síðustu fjögur ár, meðal annars í einkaskóla Michaels Chaitow í Skotlandi. Hann kveðst hafa sótt tíma í málaralist jafnt og þétt frá unga aldri, bæði hjá stofnunum og í einkatímum. „Ég var svo mikill kjáni þegar ég kom til borgarinnar frá Akureyri, þá 17 ára, að ég var ekki fyrr búinn að innrita mig í tónlistarskóla og borga fyrsta misserið en ég gekk beint upp í Myndlistarskóla og vildi innrita mig þar líka. Ég var viss um að ég hefði tíma fyrir hvort tveggja. Skólastjóri Myndlistarskólans, Kurt Zier, tók mig heldur betur á beinið. Sagði að ein lífstíð mundi ekki nægja fyrir músíkina. Ég fór að ráði hans og hafði málverkið bara sem hliðargrein. En það hefur fært mér mikla ánægju, það er ekki hægt að semja tónlist allan daginn.“

Nýlega flutti Hafliði frá Skotlandi til Bath í Englandi og kveðst þá hafa keypt sér lítið málarastúdíó í garðinn. „Stúdíóið er örlítið og kemur í veg fyrir að ég máli stórar myndir, það skapar mér ákveðinn ramma.“


**EIN MYNDA HAFLIÐA** Án titils – akrýl á plötu.

Hafliði segir í raun stórhættulegt að vera að fást við tvær listgreinar. „En það er mikil regla á þessu hjá mér,“ fullyrðir hann. „Ég er nú búinn að semja 100 tónverk svo ég get aðeins farið að hægja ferðina og leyfa öðru að komast að. Svo er annar flötur á þessu. Tekjur fyrir þá tegund tónlistar sem ég fæst við eru ekki miklar og þarna er smá von um að fá smá aukapening með því að selja eina og eina mynd.“ segir hann. „Það er nýjung hjá mér að gera tölvumyndir á plötu, litlu tölvuna, hvað er hún nú kölluð? Ipad er það ekki? Sonur minn gaf mér hana. Ég hef verið að gera hraðar skissur í henni sem eru til sýnis í rekka og ef einhver vill panta eftir þeim þá prenta ég þær út.“

Þetta er ellefta sýning Hafliða á lífsleiðinni. Hún er opin alla daga nema mánudaga. gun@frettabladid.is


**LISTAMAÐURINN** Garðstúdíó Hafliða er örlítið og kemur í veg fyrir að hann máli stórar myndir, að eigin sögn. Það skapar honum ákveðinn ramma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Leiðinlegur Beethoven

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Kammermúsíkklúbburinn**
Verk eftir Mist Þorkelsdóttur, Weber og Beethoven.
**NORÐURLJÓSASALUR HÖRPU 17. MARS**



Strengjakvartett er viðkvæm samsetning. Það er ekkert píanó með pedal til að hjálpa strengjaleikurunum að breiða yfir misfellur. Hvað þá söngvari. Eingöngu fjögur nakin, brothætt hljóðfæri sem verða helst að hljóma fullkomlega. Og ekki bara það, þau verða að virka saman eins og eitt hljóðfæri. Allir helstu kammerhóparnir eru síspilandi. Aðeins slík eljusemi skapar virkilega sannfærandi samhljóm.

Nú veit ég ekkert um það hversu mikið þau Sigrún Eðvaldsdóttir, Zbigniew Dubik, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir æfðu fyrir tónleika Kammermúsíkklúbbsins á sunnudagskvöldið. En ég hef á tilfinningunni að það hafi ekki verið nóg.

Flutningurinn á strengjakvartett í F-dúr op. 59 nr. 1 eftir Beethoven var engan veginn fullnægjandi. Fiðluleikur Sigrúnar var lengi framan af sár og „forseraður“, eins og hún væri að pína tónana út úr fiðlunni. Það var óþægilegt áheyrnar.

Hinir hljóðfæraleikararnir spiluðu af meiri mýkt og þokka. Ég hefði þó viljað heyra betur í þeim, sérstaklega í neðra miðsviðinu, víólunni og efri tónum sellósins. Það vantaði eitthvað í heildarhljóminn. Hann var ekki í jafnvægi, of grunnur, nánast eins og hljómflutningskerfi með lélegum bassa, en alltof hvössum toppi.

Eins og nærri má geta var túlkunin ekki sannfærandi. Strengjakvartettar Beethovens eru margir hverjir ekki aðgengilegir. Verkið nú er dæmi um það hvernig tónskáldið hristi upp í viðteknum gildum tónlistarheimsins. Tónlistin er flóknari og viðameiri en aðrir strengjakvartettar þess tíma. Atburðarásin er margbrotnari og ef flutningurinn er ekki nægilega vel ígrundaður og fókuseraður er auðvelt fyrir áheyrandann að missa þráðinn.

Því miður gerðist það hvað eftir annað hér. Spilamennskan var fyrst og fremst einhver rembingur í aðalfiðluleikaranum sem þreytandi var að hlýða á.

Meira var varið í verkin þar sem Einar Jóhannesson klarinettuleikari bættist í hópinn. Nýr klarinettukvintett eftir Mist Þorkelsdóttur var fallegur. Hann einkenndist af seiðmagnaðri uppbyggingu, dálítið framandlegum stefjum, en nægilega einfaldri umgjörð til að þau nytu sín til fulls. Kvintettinn var saminn í minningu föður Mistar, Þorkels Sigurbjörnssonar, sem lést fyrir skemmstu.

Klarinettukvintett í B dúr op. 34 eftir Carl Maria von Weber var líka áheyrilegur, en lítið annað. Klarinettuleikur Einars var flæðandi og eðlilegur, ákaflega músíkalskur og ljóðrænn. Strengjaleikurinn var líka góður en dálítið litlaus. Útkoman var áferðarfalleg en kom manni einhvern veginn ekkert við. Þetta hefði verið allt í lagi sem dinnertónlist – ekkert meira en það. Óneitanlega var það dapurlegur endir á starfsári Kammermúsíkklúbbsins.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Nýtt verk eftir Mist Þorkelsdóttur var fallegt, kvintett eftir Weber var áheyrilegur en rislítill og Beethoven var ekki góður.

KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

# Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

TAKMARKAÐ MAGN

## JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL PÁSKA

Afsláttur allt að 750.000 kr.

Verð frá 1.690.000 kr.



**FORD EXPLORER** JEPPAR Á FRÁBÆRU VERÐI.

TAKMARKAÐ MAGN

ÁRGERÐIR 2005-2008, BENSÍN, SJÁLFSKIPTIR.

Ford Kuga og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Komdu í dag

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

Kíktu á notadir.brimborg.is og finndu bílinn þinn

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

# Hugmyndin kom í fjölskylduboði

**Þrír bræður fundu nafn afsláttarsíðunnar Asni.is við skoðun á lista yfir laus lén.**



EINFÖLD Bræðurnir Pétur Rúnar og Valþór Örn stofnuðu afsláttarsíðuna Asni.is ásamt bróður sínum, Sverri Birgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við byrjuðum með 18 tilboð þegar við opnuðum síðuna og stefnum á að koma með ný tilboð á hverjum föstudegi,“ segir Valþór Örn Sverrisson, sem ásamt bræðrum sínum, Pétri Rúnari og Sverri Birgi Sverrissonum, stofnaði tilboðssíðuna asni.is í byrjun mánaðarins.

Asni.is er komin með rúmlega 1.800 notendur. Það kostar ekkert að skrá sig á síðuna og ekkert að nota tilboðin. „Við hugsuðum þetta fyrst þannig að við myndum rukka viðskiptavinina fyrir þjónustuna en svo sáum við að við kæmumst upp með að gera það ekki svo við völdum að gera það þannig frekar. Það þarf því aldrei að gefa upp neitt kreditkortanúmer eða neitt svoleiðis,“ segir Valþór, en innskráðir notendur geta notað tilboð síðunnar eins oft og þeir vilja á meðan þau eru í gildi. „Fólk gæti til dæmis fengið sér línubát þrisvar sinnum á dag núna ef það væri mjög svangt,“ segir hann.

Notkun á síðunni er einföld og þarf aðeins að prenta út tilboðin og sýna þau til að fá þau í gegn. Þá þurfa snjallsímaeigendur aðeins að sýna mynd af tilboðinu í símanum sínum þegar þeir vilja nota það.

Bræðurnir fengu hugmyndina af síðunni í fjölskylduboði fyrir rúmu ári síðan en það var ekki fyrr en snemma á þessu ári sem þeir ákváðu að láta slag standa og koma henni upp. Spurður hvaðan nafnið komi segir Valþór það hafa gripið þá við skoðun á lista yfir laus lén á netinu. „Svo er aldrei að vita nema við höldum áfram og opnum í framtíðinni síður á við köttur.is eða geit.is,“ segir hann og hlær. **- trs**

# Skemmtilegt hliðarspor

TÓNLIST ★★★☆☆

**Atoms For Peace**
Amok
**XL**






**AMOK** „Styrkleikar Amok eru flottir taktar og ferskur hljómur.“

Atoms For Peace er nýjasta verkefni Thoms Yorke söngvara Radiohead. Þetta er hljómsveit sem í eru auk hans þeir Nigel Godrich, upptökustjóri Radiohead, trommuleikarinn Joey Waronker, slagverksleikarinn Mauro Refosco og Flea, bassaleikari Red Hot Chili Peppers. Waronker hefur m.a. unnið með Beck og Refosco með Chili Peppers og David Byrne. Hljómsveitin var stofnuð árið 2009 til þess að fylgja eftir sólóplötu Thoms Yorke, The Eraser.

Styrkleikar Amok eru flottir taktar og ferskur hljómur. Það eru bæði raftaktar, trommuleikur og slagverk og svo flottar bassalínur. Ofan á grunnana eru svo syntaslaufur og söngur Thoms Yorke. Platan fer langt á þessu en vankantarnir eru helst til einhæfar lagasmíðar. Það hefði mátt þróa þær svolítið áfram.

Á heildina litið er Amok skemmtilegt hliðarspor hjá Thom Yorke. Það er gaman að hækka vel í græjunum og fá taktana beint í æð en lagasmíðarnar duga ekki alveg til að fylla heila plötu. **Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Ferskir og flottir taktar frá Thom York og félögum en lagasmíðarnar hefðu mátt vera sterkari.



**MICHAEL JACKSON** Lést árið 2009.

# Krefjast 5.000 milljarða

Fjölskylda poppgoðsins Michaels Jackson heitins fer fram á tæpa 5.000 milljarða króna í skaðabætur frá AEG Live, fyrirtækinu sem sá um að skipuleggja tónleikaröðina sem Jackson var að æfa fyrir þegar hann lést árið 2009, vegna framtíðartekna hans.

Katherine, móðir popparans, og börnin hans þrjú, Prince, Paris og Blanket, byggja lögsókn sína á því að AEG Live hafi átt þátt í að valda dauða Jacksons með því að ráða dr. Conrad Murphy, lækninn sem var dæmdur í fangelsi fyrir að dæla verkjalyfjum í söngvarann, og fylgjast ekki nægilega vel með störfum hans. AEG heldur því fram að skaðabótakrafan sé alltof há, meðal annars vegna þess að ferill Jacksons hafi verið á niðurleið þegar hann lést.

# Talar um tíkur í nýju lagi

Tónlistarkonan geysivinsæla Beyoncé Knowles setti um helgina brot úr tveimur nýjum lögum á heimasíðuna sína. Hún hefur ekki gefið út nýtt efni síðan platan 4 kom út fyrir tveimur árum.

Í textum nýju laganna, sem heita Bow Down og I Been On, syngur Beyoncé meðal annars um „tíkur“ sem öfunda hana og fullyrðir að trúverðugleiki hennar sem listamaður hafi ekki beðið hnekki vegna þeirrar ákvörðunar að taka sér hlé frá bransanum til að sjá um Blue Ivy, 14 mánaða gamla dóttur hennar og Jay-Z.



**BEYONCÉ KNOWLES** Aðdáendur söngkonunnar eru mishrifnir af nýju textunum hennar.


SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| DEAD MAN DOWN VIP | KL. 8 - 10:20 | |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 | 10 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL VIP 2D | KL. 5:20 | |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:20 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| FLIGHT | KL. 8 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 10:50 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| WRECK-IT RALPH ÍSL.TAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| 21 AND OVER | KL. 10:30 | 14 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 - 10:40 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FLIGHT | KL. 5:20 - 10:30 | 12 |
| ARGO | KL. 8 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 10:40 | 10 |
| THIS IS 40 | KL. 8 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 | 10 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 6 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 10:40 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |

SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BROKEN CITY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.40 | L |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANNA KARENINA | KL. 6 - 9 | 12 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN | KL. 6 | 14 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |

BORGARBÍÓ — ATH: TILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 6 - 10.20 | 16 |
| ANNA KARENINA | KL. 8 | 12 |
| IDENTITY THIEF KL. 8 / JAGTEN (THE HUNT) | KL. 6 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.10 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | 8, 10.10 | 16 |
| ANNA KARENINA | 7.30 | 12 |
| IDENTITY THIEF | 10 | 12 |
| OZ GREAT AND POWERFUL 3D | 5, 8 | 10 |
| 21 AND OVER | 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | 5.45 | L |
| VESALINGARNIR | 5 | 12 |



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

MIÐBIK 20. ALDAR
Í LIFANDI MYNDUM

Hér koma saman í einni syrpu kvikmyndir úr þjóðlífi Íslands á árunum 1939 - 1968 eins og það blasti kvikmyndatökumönnunum Lofti Guðmundssyni, Óskari Gíslasyni, Vigfúsi Sigurgeirssyni, Þorgeiri Þorgeirsyni og Ásgeiri Long auk fréttamyndatökumanna sjónvarpsins og áhugatökumannanna Jóns Ármanns Héðinssonar og Franz Péturssonar. Sérvalin tónlist fylgir myndunum. Þessi syrpa Kvikmyndasafnsins gefur einstæða innsýn í myndaalbúm þjóðarfjölskyldu.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| DICKE MÄDCHEN | (12) | 18:00 (ÞÝSKIR KVIKMINDADAGAR) |
| BARBARA | (6) | 20:00 (ÞÝSKIR KVIKMINDADAGAR) |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:00 |
| KON-TIKI | (12) | 20:10, 22:10 |
| FIT HOSTEL | (L) | 17:50, 22:20 |
| STRIGI OG FLAUEL | (L) | 19:00 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 19. MARS 2013**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

### Upplestur

**18.00** Bjarni Benediktsson les 44. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Kvikmyndir

**16.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Matur drykkur, maður kona eftir Óskarsverðlaunahafann Ang Lee. Myndin er sýnd í stofu 101 í Odda HÍ, allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Tónlist



**21.00** Skúli mennski og Leó Snær syngja og leika á Café Rosenberg.

### Fyrirlestrar

**12.00** Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, fjallar um íslenska gullsmiði í Kaupmannahöfn á fyrirlestri í Þjóðminjasafninu. Fyrirlesturinn er ókeypis og öllum opinn.

**12.00** Fyrirlestur um umhleypinga og fjöll verður haldinn í M101 í Sólborg v/ Norðurslóð, Háskólanum á Akureyri.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Hóaði saman sínum uppáhaldsflytjendum

Tónleikahaldarinn Davíð Lúther Sigurðsson hleypir fjöri í páskahátíðina með tónleikum.

„Það er aldrei neitt að gerast í Reykjavík yfir páskana svo ég sá þarna möguleika á að keyra eitthvað skemmtilegt í gang,“ segir Davíð Lúther Sigurðsson, tónleikahaldari og annar eiganda viðburðarfyrirtækisins Silent.

Davíð Lúther stendur fyrir tónleikunum Páskagleði 2013 þar sem fram koma Ásgeir Trausti, Sísí Ey, Þórunn Antonía, DJ Margeir og Daníel Ágúst. „Þetta eru allir mínir uppáhaldsflytjendur þessa dagana. Ég ákvað að búa bara til tónleika sem ég myndi sjálfur vilja fara á og þetta var útkoman. Þessi tímasetning hentaði líka ótrúlega vel upp á alla listamennina svo það er bara frábært. Ásgeir Trausti er til dæmis úti í Bandaríkjunum núna en kemur heim yfir páskana og fer svo aftur út,“ segir hann.

Páskagleðin fer fram í Listasafninu við Tryggvagötu daginn fyrir páskadag, 30. mars. „Þetta er haldið í tilefni páskanna en við ætlum samt ekki að vera með páskaunga hlaupandi um allt eða neitt svoleiðis, þó að það sé vissulega skemmtileg hugmynd,“ segir hann og hlær. „Viðtökurnar hafa verið svo svakalega góðar að það er greinilegt að á þessu var þörf. Mér sýnist á öllu að þetta gæti vel orðið árlegt héðan af,“ bætir hann við.

- trs



**Í UPPÁHALDI** Ásgeir Trausti og Þórunn Antonía eru á meðal þeirra sem koma fram á Páskagleðinni.



Nýlega hóf störf hjá Táp ehf. sjúkraþjálfun, **Birna Hrund Björnsdóttir** löggiltur sjúkraþjálfari.

Við bjóðum hana velkomna til starfa.

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN

Hlíðasmára 15 • 564 5442 • www.tap.is



Ljúffengur Páskaostur

Njóttu páskanna með þessum einstaklega mjúka og bragðgóða osti. Hann hreinlega bráðnar í munni þér.

ms.is

# Nýr meðlimur í 20 marka klúbbnum

Sögulegt tímabil varð enn sögulegra. Alfreð Finnbogason komst í fámennan klúbb um helgina þegar hann skoraði sitt tuttugasta deildarmark á tímabilinu fyrir hollenska liðið Heerenveen. Ísland hefur ekki átt tuttugu marka mann í Evrópufótboltanum í þrjátíu ár.

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason er fyrir löngu búinn að skrifa sig á spjöld sögunnar í íslenskum fótbolta með frammistöðu sinni í vetur en með því að skora sitt tuttugasta mark í 3-1 sigri Heerenveen á NEC Nijmegen um helgina komst hann í klúbbinn með þeim Pétri Péturssyni og Atla Eðvaldssyni. Það eru liðnir tæpir þrír áratugir síðan að Atli bættist í hópinn með því að skora fimm mörk í lokaumferð þýsku úrvalsdeildarinnar í júníbyrjun 1983.

Alfreð kom til Hollands sjóðandi heitur eftir að hafa skorað 12 mörk í 17 leikjum með Helsingborg í sænsku deildinni. Alfreð skoraði ekki í fyrsta leiknum en var síðan með tvö mörk í jafntefli á móti stórliði Ajax og þá var ekki aftur snúið. Hann skoraði í fimm leikjum í röð í október og í sex leikjum í röð frá desember til janúar. Alfreð var síðan að skora sitt fjórða mark í síðustu fjórum leikjum á laugardaginn.

Pétur Pétursson var stofnmeðlimur tuttugu marka klúbbsins þegar hann skoraði 23 mörk í 33 leikjum fyrir hollenska liðið Feyenoord tímabilið 1979-80. Pétur skoraði tuttugasta markið sitt í febrúar 1980 en hann skoraði 16 mörk í 17 leikjum fyrir áramót.

Atli bættist í tuttugu marka klúbbinn rúmum þremur árum síðar. Hann skoraði 16 mörk í fyrstu 33 leikjum tímabilsins en tók sig til og skoraði eftirminnilega fimmu í 5-1 sigri Fortuna Düsseldorf á Eintracht Frankfurt. Atli varð annar markahæsti leikmaður deildarinnar tveimur mörkum á eftir Rudi Völler. Það var ekki nóg með það heldur flaug Atli heim strax um kvöldið og skoraði sigurmarkið á móti Möltu í leik í undankeppni EM sem fram fór á Laugardalsvellinum daginn eftir.

Engir aðrir íslenskir leikmenn hafa náð að brjóta tuttugu marka múrinn og það skiptir engu þótt deildin hér heima sem höfð með í dæminu. Markamet efstu deildar á Íslandi er 19 mörk en því hafa fjórir leikmenn náð: Pétur Pétursson (1978), Guðmundur Torfason (1986), Þórður Guðjónsson (1993) og Tryggvi Guðmundsson (1997).

Tveir atvinnumenn voru nálægt því að bætast í tuttugu marka klúbbinn en það voru þeir Teitur Þórðarson og Arnór Guðjohnsen. Teitur skoraði 19 mörk fyrir Lens tímabilið 1981-82 og varð fjórði markahæsti maður deildarinnar. Michel Platini var meðal annars í næsta sæti fyrir ofan hann. Arnór Guðjohnsen varð markahæsti leikmaður í Belgíu 1986-87 þegar hann skoraði 19 mörk í 34 leikjum.

Hér til hliðar má sjá samanburð á meðlimur tuttugu marka klúbbsins. ooj@frettabladid.is




**Pétur Pétursson**
*Feyenoord 1979-80*
2. markahæstur í hollensku úrvalsdeildinni

**21 árs**
2. tímabil í atvinnumennsku

**33 leikir**
4 tvennur – 0 þrennur
Skoraði í 18 leikjum

**Fyrir áramót** 17 leikir, 16 mörk
**Eftir áramót** 16 leikir, 7 mörk




**Atli Eðvaldsson**
*Fortuna Düsseldorf 1982-83*
3. markahæstur í þýsku úrvalsdeildinni

**26 ára**
4. tímabil í atvinnumennsku

**34 leikir**
2 tvennur – 1 fimma
Skoraði í 15 leikjum

**Fyrir áramót** 17 leikir, 8 mörk
**Eftir áramót** 17 leikir, 13 mörk




**Alfreð Finnbogason**
*Heerenveen 2012-13*
2. markahæstur í hollensku úrvalsdeildinni

**24 ára**
3. tímabil í atvinnumennsku

**24 leikir**
4 tvennur – 0 þrennur
Skoraði í 16 leikjum

**Fyrir áramót** 16 leikir, 14 mörk
**Eftir áramót** 8 leikir, 6 mörk



BARÁTTAN GEGN HAGRÆÐINGU ÚRSLITA Í ÍÞRÓTTUM – MÁLÞING

ÍSÍ og Íslenskar getraunir efna til málþings um baráttu gegn hagræðingu úrslita í íþróttum.

DAGSKRÁ

12:00 Setning – Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Getspár/Getrauna
12:10 Heildstætt yfirlit – Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ og FIBA Europe
12:45 Hagræðing úrslita, hættumerki á Íslandi – Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ
13:00 Kaffi
13:10 Hagræðing úrslita í íþróttum sem viðfangsefni lögreglu og réttarkerfisins – Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari höfuðborgarlögreglu
13:25 Umfang og eðli vandamálsins – Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri getraunadeildar
13:45 Umræður og niðurstöður – Adolf Ingi Erlingsson íþróttafréttamaður á RÚV og stjórnarmaður í AIPS
14:00 Ráðstefnulok

Miðvikudaginn 20. mars kl. 12.00–14.00
Fundarstjóri er Adolf Ingi Erlingsson
Laugardalsvöllur í sal KSÍ 3. hæð
Aðgangur ókeypis. Skráning á phs@getspa.is

WWW.GETRAUNIR.IS



NEMANJA MALOVIC Skoraði sex mörk í sínum síðasta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Er algjör gullmoli

Eyjamenn fóru upp í síðasta leik Nemanja Malovic.

**HANDBOLTI** „Tilfinningin er ofboðslega góð,“ sagði Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV, eftir 27-24 sigur liðsins gegn ÍBV í Mýrinni. Fyrir leikinn var ljóst að Eyjamenn þurftu á stigi að halda til að tryggja sér sæti í efstu deild eftir fimm ára fjarveru.

„Við byrjuðum þennan leik frábærlega varnarlega en þessi leikur spilaðist eins og við vildum að hann myndi spilast.“

Mál Nemanja Malovic hefur verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum þar sem hann er ekki með landvistarleyfi hér á landi.

„Við einbeittum okkur að því að fara ekki með þessa umræðu inn í hópinn heldur einbeita okkur að okkar leikjum. Við vissum ekkert hvenær hann færi en ákváðum að það yrði bara tekið á því þegar það myndi gerast. Sem betur fer var hann með okkur í dag. Þessi umræða truflaði samt vissulega aðeins,“ sagði Arnar.

„Þetta er frábær leikmaður og það má ekki gleyma því að hann er aðeins 21 árs.“

Eyjamenn vonast til að fá hann löglegan til landsins fyrir baráttuna í N1-deildinni næsta tímabil. „Að sjálfsögðu vonum við það. Þetta er gæðadrengur, algjör gullmoli. Þetta pappíramál var klúður en var ekkert sem menn ætluðu sér, menn héldu að þeir væru að fara samkvæmt lögum og reglum. Því miður var það ekki og hann er á heimleið.“

Hvernig er þessi hópur tilbúinn undir það að taka næsta skref og spila í deild þeirra bestu?

„Hann er alveg klár í það en þá þurfa menn að vera duglegir og halda áfram að bæta sig. Þessir strákar eiga helling inni og geta orðið enn betri,“ sagði Arnar Pétursson. - egm

# Florentina í landsliðið

**HANDBOLTI** Florentina Stanciu, markvörður ÍBV sem fékk nýverið íslenskan ríkisborgararétt, er komin inn í íslenska landsliðið í handbolta og gæti spilað sinn fyrsta landsleik á móti Svíum í Austurbergi um næstu helgi.

HSÍ er að bíða eftir leikheimild hjá EHF og rúmenska sambandinu og er hún væntanleg. - óój


HOBBY
ÍSLAND Í SUMAR
Hobby
mest keyptu hjólhýsi á Íslandi og í Evrópu.
GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ
Prestige 560 UKF
4.995.000
Excellent 560 CFe
4.995.000
Excellent 495 UFe
4.595.000
Excellent 495 UL
4.545.000
De Luxe 400 SFe
3.975.000
VÍKUR
V • E • R • K
VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!
Opið laugardag 12 til 16 og sunnudag 12 til 16.
VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**> Stöð 2 KL. 21.20**
**White Collar**

Þriðja þáttaröðin um sjarmerandi svikahrappinn Neal Caffrey hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Hann heldur nú áfram að aðstoða lögregluna við að góma aðra svikahrappa og lendir í einum allsvakalegum í þætti kvöldsins. Peter og Neal neyðast til að grafa stríðsöxina og vinna saman að því að handsama þekktan þjóf sem snýr aftur til að sækja þýfi sitt eftir vel heppnað rán.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
**JÖRUNDUR R. ARNARSON** TÆKNIBRELLUMEISTARI

„Ég vinn venjulega langt fram á kvöld og því verða fréttaþættir oftast fyrir valinu á leigunni frekar en það sem er í gangi á skjánum.





1 **FRÉTTIR.** Það er ágætt að vita hvað er að gerast í samfélaginu.



2 **KASTLJÓS.** Það er alltaf gaman að horfa á gamla karla rífast.



3 **DJÖFLAEYJAN.** Þetta er frábær bransaþáttur fyrir menn eins og mig.

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Íslenski boltinn** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Grímur grallari**
**18.09 Teiknum dýrin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Litla Parísareldhúsið** *(6:6) (The Little Paris Kitchen) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Landsmót UMFÍ 50 ára og eldri** Íþrótta- og mannlífsþáttur um Landsmót Ungmennafélags Íslands fyrir 50 ára og eldri í Mosfellsbæ í fyrra sumar.
**20.35 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**21.15 Castle** *(2:24) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpurinn III** *(7:10) (Forbrydelsen III)* Dönsk sakamálaþáttaröð. Ungri telpu er rænt og Sarah Lund rannsóknarlögreglumaður í Kaupmannahöfn fer á mannaveiðar. Við sögu koma stærsta fyrirtæki landsins, forsætisráðherrann og gamalt óupplýst mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Neyðarvaktin** *(10:24) (Chicago Fire) (e)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.05 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(14:25)*
**08.30 Ellen** *(119:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(106:175)*
**10.15 The Wonder Years** *(18:22)*
**10.40 Gilmore Girls** *(1:22)*
**11.25 The Amazing Race** *(1:12)*
**12.10 Up All Night** *(7:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** *(22:24)*
**13.20 America's Got Talent** *(3:32) (4:32)*
**14.40 Sjáðu**
**15.10 Njósnaskólinn** *(2:13)*
**15.40 iCarly** *(41:45)*
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(67:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(14:24)*
**19.40 The Middle** *(11:24)*
**20.05 Modern Family** *(15:24)*
**20.30 How I Met Your Mother** *(14:24)*
**20.55 Two and a Half Men** *(8:23)* Í þessari tíundu þáttaröð hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden.
**21.20 White Collar** *(1:16)* Þáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.05 Episodes** *(5:7)*
**23.05 2 Broke Girls** *(5:24)*
**23.25 Go On** *(8:22)*
**23.50 Drop Dead Diva** *(11:13)*
**00.35 Rita** *(8:8)*
**01.20 Girls** *(6:10)*
**01.45 Mad Men** *(7:13)*
**02.30 Rizzoli & Isles** *(11:15)*
**03.15 White Collar** *(1:16)*
**04.00 Episodes** *(5:7)*
**04.30 Modern Family** *(15:24)*
**04.50 How I Met Your Mother** *(14:24)*
**05.15 Two and a Half Men** *(8:23)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**18.35 Meistaradeild Evrópu í handbolta: Atletico Madrid - Füchse Berlin**
**20.00 Dominos-deildin** Allt um liðin í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
**21.00 Spænski boltinn: Barcelona - Rayo**
**22.40 Spænsku mörkin**
**23.10 Dominos deildin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.45 Stoke - WBA**
**16.25 Everton - Man. City**
**18.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Sunderland - Norwich**
**20.40 Chelsea - West Ham**
**22.20 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.50 Sunnudagsmessan**
**00.05 Southampton - Liverpool**

## krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Latibær** *(1:18)*
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.05 Hundagengið**
**17.30 Leðurblökumaðurinn**
**17.55 iCarly** *(11:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** Simpson-fjölskyldan fer í heilsuátak og allir verða veikir nema Lísa sem ákveður að innrita sig í hæfileikakeppni hjá Krusty. Hómer semur fyrir hana lag og hún kemst áfram.
**17.25 Íslenski listinn** Söngdívan Þórunn Antonía Magnúsdóttir kynnir tíu vinsælustu lög vikunnar ásamt einu vænlegu til vinsælda.
**17.50 Gossip Girl** *(1:24)*
**18.35 Game Tíví** Fræðandi þáttur um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum.
**19.00 Friends** *(19:24)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(11:24)*
**20.15 The Glee Project** *(9:12)* Önnur þáttaröðin þar sem hæfileikaríkt ungt fólk er fundið og þjálfað upp. Þau keppa svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.
**21.00 FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 Hellcats** *(9:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í kappsaman heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**22.05 Smallville** *(13:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við íll öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.45 Game Tíví**
**23.10 The Glee Project** *(9:12)*
**23.55 FM 95BLÖ**
**00.15 Hellcats** *(9:22)*
**01.00 Smallville** *(13:22)*
**01.45 Tónlistarmyndbönd**

## GULL

**18.20 Doctors** *(158:175)*
**19.00 Ellen** *(76:170)*
**19.40 Borgarilmur** *(8:8)*
**20.15 Veggfóður**
**21.05 Hotel Babylon** *(2:8)*
**22.00 Footballers Wives** *(8:8)*
**22.55 Borgarilmur** *(8:8)*
**23.30 Veggfóður**
**00.15 Hotel Babylon** *(2:8)*
**01.10 Footballers Wives** *(8:8)*
**02.00 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Hotel Hell** *(4:6)*
**16.50 Dynasty** *(6:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Family Guy** *(11:16)*
**18.45 Parks & Recreation** *(19:22)* Leslie kemst á snoðir um niðurskurð í deildinni og grípur til örþrifaráða.
**19.10 Everybody Loves Raymond** *(17:24)*
**19.30 The Office** *(24:27)* Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegt skrifstofulið sem gefur lífinu lit. Það er spenna í loftinu á skrifstofunni í kjölfar þess að DeAngelo stofnar klíku meðal starfsmanna sem samanstendur af karlmönnum.
**19.55 Will & Grace** *(20:24)*
**20.20 Necessary Roughness** *(15:16)* Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle.
**21.10 The Good Wife** *(15:22)* Öll spjót standa að kosningastjóranum Eli sem veit ekki enn þá hvers vegna verið er að rannsaka hann.
**22.00 Elementary** *(11:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes. Honum til halds og trausts er Dr. Watson sem að þessu sinni er kona. Sögusviðið er New York-borg nútímans.
**22.45 Hawaii Five-O** *(4:24)*
**23.35 HA?** *(10:12)*
**00.25 CSI** *(11:22)*
**01.15 Beauty and the Beast** *(6:22)*
**02.00 Excused**
**02.25 The Good Wife** *(15:22)*
**03.15 Elementary** *(11:24)*
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## BÍÓ

**11.50 Love Wrecked**
**13.15 Gosi**
**15.05 Bjarnfreðarson**
**16.55 Love Wrecked**
**18.20 Gosi**
**20.05 Bjarnfreðarson**
**22.00 Paul**
**23.45 Traitor**
**01.40 The Deal**
**03.25 Paul**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Tampa Bay Championship **2013** *(1:4)* **11.10** Golfing World **12.00** Tampa Bay Championship **2013** *(2:4)* **15.00** The Memorial Tournament **2012** *(4:4)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(11:45)* **19.45** Wells Fargo Championship **2012** *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film **2012** *(1:1)* **00.05** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Framboðsþáttur **21.30** Framboðsþáttur

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





DELTALIGHT
50% afsláttur
Við rýmum fyrir nýjum vörum og seljum ósóttar pantanir frá
Delta Light, Esedra o.fl. með 50% afslætti næstu daga.
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

## BÓKIN



**„Ég er hálfnuð með Illsku eftir Eirík Örn Norðdahl en hún er 540 blaðsíður á lengd og ég held að það verði verkefni marsmánaðar að klára hana. Ég er nefnilega með bókina Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttir í plastinu á náttborðinu og er spennt að byrja á henni.“**

Anna Svava Knútsdóttir, handritshöfundur og skemmtikraftur

# Þrír með samning fyrir útskrift

Elma Stefanía, Arnar Dan og Hildur Berglind, leiklistarnemar við Listaháskóla Íslands, eru komin á samning.

„Þetta er auðvitað óskastaða að vera í. Ég er mjög spennt fyrir því að byrja hjá Þjóðleikhúsinu og er viss um að þetta verði mikið ævintýri,“ segir Elma Stefanía Ágústsdóttir, leiklistarnemi við Listaháskóla Íslands. Hún er ein þriggja nemenda sem útskrifast af leikarabraut leiklistar- og dansdeildar LHÍ í vor sem hafa þegar gert samning við annað stóru leikhúsanna. Arnar Dan Kristjánsson og Hildur Berglind Arndal gerðu samning við Borgarleikhúsið og munu hefja þar störf í lok sumars.

Elma Stefanía hlakkar mikið til að takast á við þau verkefni sem bíða hennar hjá Þjóðleikhúsinu. „Ég er komin með eitt verkefni en ég veit ekki hversu mikið ég má segja um það. Ég leik aðalhlutverkið í sýningu sem sett verður upp í Kassanum í haust. Fyrsti samlestur í því verður núna í lok mars,“ útskýrir hún.

Arnar Dan segist einnig spenntur fyrir því að hefja störf hjá Borgarleikhúsinu og segir samninginn mikla viðurkenningu. „Það er alltaf gaman að vita að maður hafi staðið sig vel. Ég er þó sannfærður um að allir í bekknum eigi eftir að verða mikið í sviðsljósinu í framtíðinni því þetta er allt ofboðslega hæfileikaríkt fólk,“ segir Arnar.

- sm



**SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN** Arnar Dan Kristjánsson og Elma Stefanía Ágústsdóttir eru komin með samning hvort við sitt leikhúsið. Hið sama gildir um Hildi Berglindi Arndal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**Aðalfundur NLFR**
**í Norræna húsinu**

Aðalfundur Náttúrulækningafélags Reykjavíkur verður haldinn miðvikudagskvöldið 20. mars 2013 kl. 20:00. í Norræna húsinu við Sturlugötu 5 í Vatnsmýrinni.

**Dagskrá**
Venjuleg aðalfundastörf

Sérstakur gestur fundarins

**Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur HNLFÍ**

**„Næring – Máttur matarins“**

Léttar veitingar í boði félagsins

***Stjórn NLFR***

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur
Laugavegi 7
101 Reykjavík
Sími 552 8191


## JÖR by Guðmundur Jörundsson →



Guðmundur Jörundsson er líklega bjartasta von íslenskrar fatahönnunar um þessar mundir og var nýrrar línu hans beðið með mikilli eftirvæntingu. Fullt var út að dyrum og augljóslega mikill áhugi fyrir fyrstu dömulínu hönnuðarins. Guðmundur sýndi dömufatnað í bland við herrafatnað og kölluðust línurnar vel á; sömu liti, munstur og snið mátti finna í þeim báðum. Guðmundur hefur sýnt það og sannað að hann er einstaklega fær í að sníða og hanna fallegan herrafatnað. Á laugardag sannaðist það að hann er engu síðri þegar kemur að dömufatnaði. Síðu vestin í dömulínunni voru sérstaklega skemmtileg og sömuleiðis „cape“ sem var opið að aftan.

**Niðurstaða:** Heildstæðar og einstaklega vel heppnaðar línur.

## Andersen & Lauth



Andersen & Lauth var fyrsta sýningin á RFF. Una Kristjánsdóttir hannaði línuna og minnti hún um margt á hina glæsilegu Royal Extreme-línu sem hún sendi frá sér fyrir rúmum tveimur árum síðan, litapallettan var svipuð og sömuleiðis hin víðu snið. Nýja línan virtist þó eilítið stefnulaus og á tímum var eins og að um þrjár ólíkar línur væri að ræða. Pallíettur og rómantík voru áberandi sem fyrr í hönnun Andersen & Lauth. Grófum og fínum efnum var óspart blandað saman, í sumum tilfellum gekk það ljómandi vel upp en síður í öðrum tilvikum, eins og þegar prjónaslá var sett yfir fínan, hálfgegnsæjan pallíettukjól.

**Niðurstaða:** Rómantísk lína sem átti góða spretti.

## ELLA



ELLA sýndi línu í anda tísku sjötta áratugarins. Pils- og kjólfaldar náðu flestir niður fyrir hné eða niður á miðja kálfa og litapallettan einkenndist af ljósbrúnum litatónum, ferskjulitum og gráum og svörtum litum. Sniðin voru tímalaus og klæðileg og eiga vafalaust eftir að falla í kramið hjá viðskiptavinum ELLU. Einn jakki og ein peysa voru sýnd án neðri hlutar og var það einkennileg ákvörðun og hefði því betur verið sleppt. Sýningunni lauk svo með pompi og prakt, Unnsteinn úr Retro Stefson söng lagið Glow á meðan fyrirsætur dönsuðu um sviðið undir gríðarlegu konfettíregni.

**Niðurstaða:** Tímalaus hönnun sem mun falla í kramið hjá aðdáendum ELLU.





Vertu hjartanlega velkomin(n) í Eymundsson Austurstræti í dag 19. mars kl. 17.00 að fagna með okkur útgáfu bókarinnar **NÝTTU KRAFTINN - hugmyndir, ráð og hvatning fyrir atvinnuleitendur og alla þá sem leita sér að nýjum tækifærum.**

LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI OG BÓKIN Á SÉRSTÖKUM KYNNINGARAFSLÆTTI!




Hlökkum til að sjá þig,
María Björk Óskarsdóttir,
Sigríður Snævarr og
starfsfólk Forlagsins

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

NÝTTU KRAFTINN
www.nyttukraftinn.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*


# Skemmtileg tískuhátíð

Reykjavík Fashion Festival fór fram í fjórða sinn í Hörpunni á laugardag. Sjö hönnuðir sýndu haust- og vetrarlínur sínar. Vel var staðið að sýningunum en gestir þurfti að bíða lengi á milli sýninga. Álfrún Pálsdóttir og Sara McMahon fara hér yfir sýningar RFF.

## Rey



Lína Rebekku Jónsdóttur einkenndist af svörtum og kóngabláum litum. Silki og leður voru áberandi í línunni sem var heilsteypt og kvenleg. Lokadressið var stórglæsilegt en var þó ekki sýnt á pallinum eitt og sér heldur var eitt af þremur dressum sem bættust við í lokin þegar Rebekka kom fram og hneigði sig, sem var heldur einkennilegt. Fyrirsæturnar báru flott höfuðföt sem gerðu línuna enn frekar að einni flottri heild.

**Niðurstaða:** Kvenleg og flott lína.

## MUNDI



Samstarf Munda við útivistarmerkið 66°N var lokasýningin í Hörpu. Sýningin var stuttmynd með Tómasi Lemarquis í aðalhlutverki. Munstrin í fatnaðinum voru ekki frábrugðin hinum hefðbundnu munstrum Munda. Litapalletan var brún, grá og appelsínugul. í lok sýningarinnar komu svo fyrirsæturnar með Tómasi í fararbroddi upp úr sviðinu gangandi á hlaupabrettum. Flottur endir á deginum.

**Niðurstaða:** Flott samstarf Munda og 66°N sem verður vafalítið vinsæl.

## Farmers Market



Það var góð stemmning á sýningu Farmers Market þar sem hljómsveit spilaði notalega tóna undir sýninguna. Stór foss var við enda tískupallsins sem gaf sýningunni sérstakan blæ. Merkið stóð fyrir sínu þar sem mátti sjá bæði gamlar flíkur í nýjum búningi í bland við nýjar flíkur. Litapallettan var dekkri enda um haust- og vetrarlínu að ræða. Fallegur rúllukragakjóll og munstraður stuttermakjóll stóðu upp úr að þessu sinni og mikið víst að vinsældir Farmers Market halda áfram.

**Niðurstaða:** Sýning þar sem fátt kom á óvart en flott sýning hjá Farmers Market.

## Huginn Muninn



Merkið Huginn Muninn var nýliðinn á tískuhátíðinni í ár en hingað til hefur merkið verið þekkt fyrir herraskyrtur. það var því nokkur eftirvænting í loftinu fyrir sýninguna þar sem bæði herra- og dömufatnaður var til sýnis. Herrafatnaðurinn stal hins vegar senunni í þetta sinn. Fallegar skyrtur og buxur í skemmtilegum munstrum sem minntu ögn á tískuhúsið Kenzo. Dömulínan náði því miður ekki að fanga athyglina nógu vel í þetta sinn og ef til vill hefði verið betra að gefa meira rými á sérsýningu seinna meir.

**Niðurstaða:** Huginn Muninn sýndi að merkið er góð viðbót í fataflóru landsins en mætti skerpa betur á kvenmannslínu sinni.




Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

*Taska og 8GB kort fylgir!*




**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ; Omnis – Akranesi, Borgarnesi og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sonurinn lék Heilann minn

Söngkonan **Heiða Eiríksdóttir** hefur um árabil verið vel þekkt fyrir störf sín á tónlistarsviðinu, fyrst í samstarfi við Dr. Gunna og síðar með sveitinni Hellvar. Ellefu ára gamall sonur Heiðu virðist hafa fengið nokkuð af músíkinni í vöggugjöf þar sem hann leikur til dæmis á franskt horn með Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar. Svo bar við að á tónleikum sveitarinnar um síðustu helgi var tekið lagið Ég og heilinn minn sem Dr. Gunni samdi og Heiða söng í undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2007. Flutningurinn gekk ljómandi vel fyrir sig og verður gaman að sjá hvort piltur fylgi í fótspor móður sinnar á tónlistarsviðinu.



### Sonurinn syngur með

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns heldur upp á 25 ára starfsafmæli sitt með tónleikum í Vodafonehöllinni næstkomandi laugardag og flytur þar öll sín þekktustu lög. Heyrst hefur að **Birgir Steinn**, sonur Stefáns, verði á meðal leynigesta og hyggist syngja eitt lag. Birgir Steinn er efnilegur tónlistarmaður og þykir fjölhæfur. Auk þess að koma fram með Sálinni tekur hann þátt í Músíktilraunum í ár, þar sem hann spilar á trommur. Einnig syngur hann og spilar á hljómborð á Muse-heiðurstónleikum innan skamms. Þess má til gamans geta að Stefán tileinkaði Birgi lag sitt „Líf“ á sínum tíma.

- þj, trs



### Mest lesið vísir

1 Alvarleg líkamsárás á 12 ára dreng í Hafnarfirði
2 „Hann er mjög hræddur“
3 Skráning foreldra er gömul kynjapólitík
4 Gotti fór bara á djammið
5 Tíu ökumenn ákærðir
6 Fugladrit fannst á hinu heimsþekkta málverki Ópinu




